

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Netverlanir



Leikur á balafón

Birkir Atli Einarsson leikur stundum á balafón sem pabbi hans notaði til að semja upphafsstef Stundarinnar okkar.
allt



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. janúar 2012
19. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Bætt hundamenning

Nýstofnað Félag ábyrgra hundaeigenda vill fleiri hundagerði.

tímamót 14

Pvergirðingar

Geir Haarde aðhylltist ranga stefnu og framfylgdi henni eins og hann var kosinn til að gera skrifar Guðmundur Andri.

umræðan 13




Stigin til Manchester

Manchester-liðin juku enn forystu sína á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

sport 22

veðrið í dag



BJARTVIÐRI sunnan og vestan til fram eftir degi en lítilsháttar eljagangur norðanlands. Síðdegis þykkar upp og í kvöld hversir af suðaustri.

VEÐUR 4

Mikil ólga vegna Össurar

Reiðin kraumar í mörgum þingmönnum Samfylkingarinnar vegna Landsdómsmáls. Þingmenn hafa lýst sig óbundna samþykktum þingflokksins í kjölfarið. Heimkoma Össurar vakti reiði. Þungt er í þingflokki VG.

STJÓRN MÁL Ákvörðun Össurar Skarphéðinssonar að flýta heimkomu sinni frá útlöndum og taka þátt í atkvæðagreiðslu í þinginu á föstudag hefur skapað ólgu innan þingflokks Samfylkingarinnar. Össur greiddi atkvæði gegn tillögu starfandi þingflokksformanns, Magnúsar Orra Schram, um að vísa frá tillögu Bjarna Benediktssonar um að afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var andrúmsloftið innan þingflokksins á föstudag þannig að fallið var frá þingflokksfundum fyrir atkvæðagreiðsluna. Stuttur fundur var haldinn eftir hana, áður en átti að greiða atkvæði

Varla er málum svo komið á Íslandi að það teljist til tíðinda að ráðherra sé samkvæmur sjálfum sér.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
UTANRÍKISRÁÐHERRA

um til hvaða nefndar málinu yrði vísað.

Heimildir blaðsins herma að á þeim fundi hafi einn þingmannaflokksins lýst því yfir að hann tæki sér ótímabundið frí frá störfum þingflokksins og annar að ekki væri lengur hægt að tala um þingflokki og því væri viðkomandi ekki lengur

bundinn af samþykktum flokksins. Þriðji þingmaðurinn ætlaði að hugsa sína stöðu yfir helgina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins taldi Össur sig hafa gefið í skyn fyrir brottför að hann gæti verið kominn heim á föstudag. Þau skilaboð virðast ekki hafa náð í gegn, enda kom heimkoma hans mönnum í opna skjöldu, forsætisráðherra sem öðrum. Össur gaf lítið fyrir óánægju vegna atkvæðis hans.

„Varla er málum svo komið á Íslandi að það teljist til tíðinda að ráðherra sé samkvæmur sjálfum sér.“

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fundaði á laugardag. Þungt var í mönn-

um, ekki síst vegna yfirlýsinga Ögmundar Jónssonar innanríkisráðherra í málinu. Mörgum þeim er Fréttablaðið ræddi við þykir sem hann hafi gengið nokkuð langt í yfirlýsingum sínum, verandi ráðherra dómsmála.

Ekki kom fram krafa um að Ögmundur viki sem ráðherra og slíkt stendur ekki til, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ljóst er hins vegar að þolinmæði gagnvart honum er lítil í báðum stjórnarflokkunum.

Þingflokkar stjórnarflokka fundu í dag, VG í Borgarnesi og Samfylking í Kópavogi. Þessi mál eru ekki á formlegri dagskrá en verða áreiðanlega rædd. - kóp / sjá síðu 10



EINBEITTIR DANSARAR Alþjóðlegu Reykjavíkurléikarnir fóru fram í Laugardalnum og nágrenni hans í fimmta sinn um helgina. Tvö þúsund íslenskir keppendur tóku þátt og 400 erlendir frá tuttugu löndum. Keppt var í sextán keppnisgreinum, þar á meðal í samkvæmisdönsum þar sem einbeitingin skein úr andlitum keppenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Strákarnir okkar á EM í Serbíu:

Frábær sigur á Ungverjalandi

HANDBOLTI Strákarnir okkar sýndu með frábærri frammistöðu gegn Ungverjalandi að fá lið standast þeim snúning í slíkum ham. Ísland vann í gær öruggan sex marka sigur, 27-21, og var allt annað að sjá til íslenska liðsins, þá sérstaklega í varnarleik og markvörslu miðað við síðustu leiki.



SVERRE JAKOBSEN

„Það var mikið meira öryggi yfir varnarleiknum í dag og allir hjálpuðust að. Það var ótrúlega gaman að vera með í þessu. Þeir áttu ekki séns í okkur,“ sagði varnarjafli Sverre Andreas Jakobsson eftir leikinn. „Allir heima áttu skilið að fá þennan sigur frá okkur fyrir allan stuðninginn.“

Næsti leikur verður gegn öflugum liði Spánverja á morgun en þeir spænsku tróna á toppi riðilsins eftir mikilvægan sigur á Króötum í gærkvöldi. - esá, hbg / sjá síðu 20

DVÍTAMÍN

frá NOW fyrir börn og fullorðna



Fæst í verslunum um allt land. Nánar á www.yggdrasil.is

Manneklei veldur töfum hjá lögreglu í afgreiðslu umsókna frá Keflavíkurflugvelli:

Um 160 manns bíða eftir pössum

ATVINNUMÁL Tafir á afgreiðslu á endurnýjuðum aðgangspössum fyrir starfsfólk Keflavíkurflugvallar gera það að verkum að sumir fastráðnir starfsmenn komast ekki leiðar sinnar um völinn. Dæmi eru um að fólk hafi þurft að bíða síðan í nóvember eftir endurnýjun, en sú vinna er í höndum lögreglu á Suðurnesjum. Um 160 manns bíða nú eftir að fá nýja passa til að geta sinnt störfum sínum.

Starfsmannastjóri IGS á Keflavíkurflugvelli lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þessa tíma sem tekur að afgreiða umsóknirnar og sér ekki fram á að þeir 300 sem verða ráðnir fyrir sumarið fái afgreiddan passann sinn á tilskildum tíma. Lögreglan hefur nú þrjá

Flókin rannsókn

Lögreglan á Suðurnesjum þarf að skoða alla starfsmenn Keflavíkurvallar, gamla sem nýja, meðal annars í gegnum:

- Lögregluembættin
- Interpol
- Þjóðskrá
- Tollayfirvöld
- Héraðsdóm

mánuði til að afgreiða passana.

Breytt reglugerð frá nóvember í fyrra gerir það að verkum að skoðun yfirvalda á starfsmönnum er mun umfangsmeiri en áður og tekur því lengri tíma. Áður var sakaferill viðkomandi einungis

skoðaður, en nú þarf meðal annars að skoða gögn frá tollinum, Þjóðskrá, Interpol og fleiri aðilum.

Passarnir renna út á þriggja ára fresti og séu þeir útrunnir gagnast þeir ekki sem aðgangskort um flugvöllinn. Því þurfa sumir að vera í fylgd samstarfsmanna sinna til að komast í gegn þar sem dyr eru læstar til að sinna skyldum sínum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum segir að þrátt fyrir hertari reglu og umfangsmeiri rannsóknir, séu fjárveitingar til embættisins óbreyttar. Hún hefur einnig áhyggjur af þeim fjölda umsókna sem bíða afgreiðslu í ljósi þess að mannskapurinn er sá sami og áður, þrátt fyrir mun fleiri verkefni.

- sv / sjá síðu 4



Má bjóða þér
léttan kaffisopa?



SPURNING DAGSINS



Póra, hefur Nýtt Líf öðlast nýtt líf?

„Það er ekkert líf án Nýs lífs, það er nýjasta nýtt.“

Póra Tómasdóttir tók við sem ritstjóri Nýs lífs í fyrra og hefur breytt efnistöku blaðsins nokkuð. Rætt var við Póru um nýju ritstjórnarstefnuna í Allti í Fréttablaðinu á laugardag.

2

Mitt Romney hyggst birta upplýsingar um skattamál sín í kjölfar gagnrýni:

Gingrich sækir á í forvali Repúblikana

SUÐUR-KARÓLÍNA, AP Aukin spenna er hlaupin í forval Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum í haust. Á laugardag sigraði Newt Gingrich, fyrrum forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, í forvali flokksins í Suður-Karólínu en fylgi Gingrich hefur aukist mikið síðustu daga á kostnað Mitts Romney, fyrrum ríkisstjóra í Massachusetts, sem þykir líklegastur til að hreppa tilnefningu flokksins.

Gingrich hlaut 40 prósent atkvæða í Suður-Karólínu en Romney 28 prósent. Rick Santorum, fyrrum öldungadeildarþingmaður frá Pennsylvaníu, og Ron Paul, fulltrúadeildarþingmaður frá Texas, hlutu 17 og 13 prósent. Suður-Karólína er þriðja ríkið til að greiða

atkvæði í forvali Repúblikanaflokksins á eftir Iowa og New Hampshire. Rick Santorum sigraði naumlega í forvalinu í Iowa, en Romney vann í New Hampshire.

Í gær tilkynnti Romney að hann hygðist birta upplýsingar um skattamál sín. Talsvert hefur verið rætt um skattamál og ójöfnuð í tengslum við forvalið síðustu daga og vikur og hefur auðkýfingnum Romney verið legið á hálsi fyrir að greiða lágt hlutfall af tekjum sínum í skatta. Skýrist það af því að meirihluti tekna hans eru fjármagnstekjur. Í gær sagði Romney að málið væri farið að flækjast fyrir málefnumum í forvalinu og því hygðist hann birta upplýsingarnar. Þá gætu allir séð að hann greiddi sinni skerf í skatta.



SIGURREIFUR Gingrich var sigurreifur þegar úrslit lágu fyrir í forvalinu á laugardag. Hér fagnar hann ásamt eiginkonu sinni Callistu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VÄYRYNEN OG NIINISTÖ Ráðherrarnir fyrrverandi munu kljást í annarri umferð forsetakosninganna.

NORDICPHOTOS/AFP

Finnar kjósa nýjan forseta:

Niinistö hlaut flest atkvæði

HELSINKI, AP Sauli Niinistö, fyrrum fjármálaráðherra úr flokki íhaldsmanna, fékk flest atkvæði í forsetakosningum í Finnlandi í gær. Niinistö hlaut um 40 prósent atkvæða en þar sem enginn framþjóandi hlaut meirihluta verður kosið aftur á milli Niinistö og Paavo Väyrynen, fyrrum utanríkisráðherra úr Miðflokknum, sem fékk næstflest atkvæði, 17,6 prósent.

Búið er við því að Niinistö fái góða kosningu í seinni umferðinni og verði næsti forseti Finnlands.

- mþl

Birgitta safnar undirskriftum: Vill vantrausti lýst yfir á Ástu

ALÞINGI Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, hefur farið af stað með undirskriftarsöfnun til þess að fá stuðning við vantrauststillögu á hendur Ástu Ragnheiði Jóhannsdóttur, forseta Alþingis.

Birgitta segir að hún hafi byrjað með listann rétt fyrir atkvæðagreiðsluna í Geirsmálinu á föstudaginn, en hafi síðan byrjað að safna fólki á listann eftir atkvæðagreiðsluna. Afstaða Ástu í landsdómsmálinu er ein af ástæðum söfnunar Birgittu.

- jth

Áhyggjur af sterkum efnnum í tannhvíttun

Heilbrigðisfulltrúar hafa orðið varir við að óleyfileg efni séu notuð til tannhvíttunar. Dæmi eru um efni sem eru 160 falt sterkari en leyfilegt er. Efnin geta verið hættuleg ungu fólki með óþroskaðar tennur. Ný tilskipun leyfir sterkari efni.

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisfulltrúar í landinu hafa orðið varir við að sterkari efni séu notuð á tannhvíttunarstofum en leyfilegt er, að sögn Sigríðar Kristjánsdóttur, deildarstjóra á deild hollustuverndar Umhverfisstofnunar.

„Þeir hafa orðið varir við notkun sterkari efna en leyfilegt er að nota,“ segir Sigríður.

Tannhvíttunarefni mega til dæmis ekki innihalda meira en 0,1 prósent af vetnisperoxíði eða ígildi þess í öðrum efnnum en dæmi eru um að notað hafi verið efni með allt að 16 prósentu vetnisperoxíði eða ígildi þess. Það er um 160 falt sterkara efni en leyfilegt er.

Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, hefur varað við þeim sterku efnnum sem notuð hafa verið á tannhvíttunarstofum.

„Ef óvarlega er farið eru þessi efni hættuleg ungu fólki sem er með óþroskaðar tennur,“ segir Sigurður.

Á vef stofnunar tannhvíttun.is var myndband þar sem sást pakkning með 16 prósentu vetnisperoxíði. Sama dag og myndbandið var birt á Vísi var sá hluti myndbandsins þar sem pakkningin sást tekinn út. Jafnframt var tekinn út hluti þar sem sást penni til eftirmeðferðar og hefur nú verið birt mynd af öðrum penna, að sögn Sigríðar.

Rúna Óladóttir, sem rekur tannhvíttun og stofuna tannhvíttun.is, kveðst ekki hafa verið að fela neitt með því að klippa úr myndbandinu. „Þegar við byrjuðum notuðum við 16 prósentu efnið. En þegar ég sótti um leyfi var mér sagt að við



HVÍTAR TENNUR Tannlæknar hafa varað við þeim sterku efnnum sem notuð hafa verið á tannhvíttunarstofum.

mætum ekki nota það. Þess vegna klippti ég myndbandið. Hér er allt löglegt.“

Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, segir eftirlitið ekki hafa vitað um starfsemi Rúnu fyrr en upplýsingar hafi fengist annars staðar frá. „Við tilkynntum henni þá strax í haust að hún yrði að hafa starfsleyfi og hún er búin að fá það með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar. Þegar við tókum stofuna út var hún bara með lögleg efni uppi. En við förum allaf í

eftirlitsferðir án þess að tilkynna komu okkar,“ segir Magnús.

Nýlega tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun sem heimilar notkun á tannhvíttunarefni með allt að 6 prósentu vetnisperoxíði eða ígildi þess. Markaðssetning og notkun þess verður þó að vera undir eftirliti þess sem hefur sérkunnáttu og leyfi til að starfa við tennur fólks, svo sem tannlækna, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. Þessi tilskipun hefur ekki tekið gildi hér.

ibs@frettabladid.is



KOSNINGAR Ivo Josipovic, forseti Króatíu, greiðir atkvæði í kosningunum í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Verður 28. ríki ESB:

Króatar sögðu já við ESB aðild

ZAGREB Tveir þriðju hlutar króatískra kjósenda kusu í gær með innngöngu í Evrópusambandið. Króatía verður því að öllum líkindum 28. ríki sambandsins á næsta ári.

Aðildarviðræðum Króatíu lauk á síðasta ári og var í kjölfarið skrifað undir aðildarsamning. Þann samning samþykktu Króatar í gær og verður landið fullgildur meðlimur í ESB þegar öll aðildarríki sambandsins hafa staðfest samninginn.

Fyrstu tölur bentu til þess að einungis um helmingur kjósenda hefði greitt atkvæði en allir stjórnvalaflokkar í Króatíu styðja ESB aðild.

- mþl

Fleiri kvefaðir leita til læknis:

Inflúensan komin á skrið

HEILBRIGÐISMÁL Árleg inflúensa virðist vera að ná sér á strik en sóttvarnalæknir segir sífellt stærra hlutfall þeirra sem leita til læknis hafa fundið fyrir ein-kennum flensunnar.

Í ár er flensan nokkuð seint á ferðinni. Haraldur Briem sóttvarnalæknir telur að flensan sé fyrst að ná sér á strik núna. „Við fáum tilkynningar um þetta og maður sér að stærra og stærra hlutfall þeirra sem leita til læknis eru einmitt með inflúensulík ein-kenni,“ segir Haraldur, sem telur að inflúensutilfellunum muni fjölga á næstunni.

Viðbrögð alþjóðasamfélagsins við hungursneyðinni í Austur-Afríku gagnrýnd: Brugðust of seint við hungursneyð

HUNGURSNEYÐ Alþjóðasamfélagið brást of seint við hungursneyðinni sem geisad hefur í Austur-Afríku. Fyrir vikið létust þúsundir að öþörfu auk þess sem kostnaður við björgunarstarf hefur orðið talsvert hærri en ella. Þetta er niðurstaða nýrrar skýrslu um ástandið í Austur-Afríku sem alþjóðlegu hjálparstofnanirnar Oxfam og Save the Children hafa unnið.

„Styrkveitendur hjálparstofnana verða að læra af reynslunni. Það þarf að grípa tímanlega til ráðstafana áður en hungur breytist í svelt,“ segir Nic Moyer, framkvæmdastjóri Humanitarian Coalition, samtaka mannúðarstofnana. Þá bendir hann á að hungursneyð gæti verið í uppsiglingu í Vestur-Afríku og tryggja verði að sömu mistök verði ekki gerð þar.

Í skýrslunni segir að áhættufælni hafi valdið sex mánaða töf á markvissum björgunaraðgerðum. Hjálparstofnanir eru gagnrýndar fyrir að hafa verið of lengi að ákvarða viðbrögð við hungursneyðinni. Þá eru ríkisstjórnir víða um heim einnig gagnrýndar fyrir að veita ekki hjálp fyrr en sannanir fyrir hörmungum voru komnar fram í stað þess að koma í veg fyrir þær.



ÞURRUR Í SÓMALÍU Alþjóðasamfélagið brást of seint við hungursneyðinni í Austur-Afríku um mitt síðasta ár.

NORDICPHOTOS/AFP

Talið er að allt að 100 þúsund manns hafi týnt lífi í hungursneyðinni í Austur-Afríku um mitt síðasta ár.

- mþl



Góðir landsmenn,
þorinn er byrjaður

OKKAR LANDSFRÆGU HJÓNABAKKAR
OG ÞORRATROG HENTA VEL FYRIR
STÓRA OG SMÁA HÓPA

MUNIÐ AÐ PANTA TÍMANLEGA!
SÍMI 553 7737



www.mulakaffi.is | mulakaffi@mulakaffi.is

MÚLAKAFFI
veisluréttir

Við kynnum **ný viðmið** - fyrir þig og þína þegar þú kaupir betri notaðan bíl

- ▶ **Lágmarksábyrgð: 12 mánuðir**
- ▶ **Gæðaeftirlit: 125 punkta skoðun Toyota**
- ▶ **Sjö daga skiptiréttur**
- ▶ **Raunhæf verðlagning**
- ▶ **Tökum gamla bílinn uppí**
- ▶ **Gott endursöluverð**
- ▶ **Framúrskarandi Toyota þjónusta**
- ▶ **Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti**

Ítarlegar upplýsingar um hvern bíl útskýrðar með þessum táknum!

1ár

Lágmarks-
ábyrgðartími

%

Lánshlutfall

**5,2
lítrar**


Eldsneytiseyðsla í
blönduðum akstri

**CO₂
120g**

Útblástur
CO₂ gr.


P

Umhverfisvænn bíll
Frítt í staði í Rvk.




3ár 70% 5,0 lítrar CO₂ 118g P

Toyota Yaris Terra
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn 55.000 km
Verð: 1.800.000 Raðnr. 997852



1ár 70% 13,0 lítrar CO₂ 305g

Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 110.000 km
Verð: 4.400.000 kr. Raðnr. 997539



3ár 70% 6,7 lítrar CO₂ 158g

Toyota Verso
1600 Bensín, 6 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn 5.000 km
Verð: 3.300.000 Raðnr. 997552



1ár 70% 8,6 lítrar CO₂ 212g

Toyota Rav4 GX
2000 Bensín, sjálfsk
Á götuna: 02.08 Ekinn: 68.000 km
Verð: 2.990.000 Raðnr. 997887

*Farðu á www.toyotakopavogi.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00
info@toyota.is



Betri notaðir bílar **TOYOTA**

GENGIÐ 20.01.2012

GJALDMIDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	123,72 124,32
Sterlingspund	191,24 192,16
Evra	159,83 160,73
Dönsk króna	21,492 21,618
Norsk króna	20,879 21,001
Sænsk króna	18,229 18,335
Japanskt jen	1,6014 1,6108

SDR 189,79 190,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,392

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ICELANDAIR Fyrirtækið hefur verið sektað um 6,2 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrirtækið Icelandair:

Sektað um 6,2 milljónir króna

SAMGÖNGUMÁL Samgönguráðuneytið í Bandaríkjunum sektaði Icelandair um 50 þúsund dali fyrir að hafa brotið lög um flug-samgöngur og reglur ráðuneytisins um auglýsingar á verði flugferða. Upphæðin samsvarar 6,2 milljónum íslenskra króna.

Í fyrra auglýsti Icelandair ferðir til Íslands og Evrópu fyrir 429 dali. Upplýsingar um opinberar álgöngur ofan á farmiðaverðið voru ekki teknar fram á síðunni. „Þegar neytendur bóka flugferðir eiga þeir rétt á að vita hvert fullt verð flugferðarinnar er,“ segir Ray LaHood samgönguráðgjafi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á ljósastaura

Tvö umferðarslys urðu með stuttu millibili aðfaranótt sunnudags á Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi, skammt frá Nýbýlavegi, þar sem bílum var í báðum tilfellum ekið á ljósastaura. Í fyrra tilfellinu voru tveir sendir á slysideild til aðhlynnings. Ekki er vitað hvort fólk er alvarlega slasað. Í seinna tilfellinu slasaðist enginn.

Bílvelta við Suðurlandsveg

Bílvelta varð á gatnamótum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur um klukkan sex á laugardaginn. Lögreglan og sjúkralið voru kölluð á staðinn, en engin meiðsl urðu á fólk.

4

Emmess hættir dreifingu á stelpu- og strákaís vegna harðra viðbragða:

Þetta voru greinilega mistök hjá okkur

NEYTENDAMÁL Fyrirtækið Emmess hefur hætt dreifingu á stelpu- og strákaís vegna harðra viðbragða almennings. „Þetta voru greinilega mistök hjá okkur að gera þetta því við höfum fengið mjög hörð viðbrögð,“ segir Leifur Grímsson, markaðsstjóri Emmess.

Auk stelpu- og strákaíssins, sem eru í bleikum og bláum umbúðum, fór Emmess af stað fyrir um viku síðan með mömmu- og pabbaís í von um að höfða til allra í fjölskyldunni með mismunandi bragðtegundum. „Smekkur fólks er svolítið mismunandi eftir kyni og aldri. Það er allavega tilfinningin sem við höfðum. Svo var gengið lengra með að setja þetta í þessa kyngreindu liti og það stuðar greinilega fólk,“ segir Leifur. Hann

bendir á að önnur fyrirtæki hafi áður skipt vörum sínum í bleikt og blátt eins og Lati-bær. „Þegar ég kynnti þetta fyrir innkaupa-stjórum þessa lands var þetta undantekning-arlaust sögð frábær tilraun og skemmtileg. Síðan setur einhver mynd á netið og þá fer boltinn af stað.“

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir þessa tilraun Emmess hafa verið hlægilega. „Þarna er verið að ýta undir þessar staðalmyndir kynjanna. Þetta er sölubrella og það hefur verið vaxandi tilhneiging til að ýta undir muninn á strákum og stelpum,“ segir Kristín. „Maður sér þetta mikið í þessum leikfangabæklingum, þennan bleika og bláa lit. Markaðurinn hefur bara



DREIFINGU HÆTT Leifur Grímsson segir að mistök hafi verið gerð með markaðssetningu á stelpu- og strákaísnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

tekið illa á móti svonalöguðu og fólk hefur mótmælt svona aðgreiningu kynjanna.“ - fb

Mannekla hjá lögreglu vandamál í Leifsstöð

160 starfsmenn Keflavíkurflugvallar hafa beðið í margar vikur eftir að passar þeirra verði endurnýjaðir af lögreglunni. Komast ekki á milli staða á vellinum. Starfsmannastjóri kvíðir sumarörtröð og lögregla kvartar undan mannekle.

ATVINNUMÁL Dæmi eru um að starfsmenn á Keflavíkurflugvelli komist ekki leiðar sinnar um völinn vegna útrunna starfsmannapassa sem þeir fá ekki endurnýjaða. Um 160 umsóknir varðandi endurnýjaða starfsmannapassa liggja nú á borði lögreglunnar á Suðurnesjum, en endurnýjunar var krafist á þriggja ára fresti.



SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR

Síðustu tíu ár hefur lögreglan þurft að staðfesta að starfsfólk sé með hreinan sakaferil, en slík skoðun hefur tekið um viku til tíu daga. Í nóvember í fyrra tók ný reglugerð gildi, svo skoðun lögreglu varð mun umfangsmeiri en áður og eru henni gefnir þrjár mánuðir til yfirferðarinnar.

Svala Guðjónsdóttir, starfsmannastjóri IGS, stærsta atvinnurekanda í Leifsstöð, segir ástandið hafa farið hríðversnandi eftir að reglunum var breytt.

„Við erum með fastráðna starfsmenn með áralanga reynslu sem geta nú ekki sinnt skyldum sínum vegna þess að þeir hafa ekki fengið passann sinn endurnýjaðan,“ segir Svala. „Þeir þurfa að vera með annan starfsmann með sér til að komast í gegn þar sem dyr eru læstar dyr og annað. Meira að segja næturvörðurinn okkar kemst ekki sjálfur í gegn.“

IGS mun ráða á milli 250 til 300 nýja starfsmenn fyrir sumarið og segir Svala að hún eigi erfitt með



LEIFSTÖÐ Til að fá aðgangspassa á Keflavíkurvelli þarf að fara í gegn um umfangsmikið mat og bakgrunnsskoðun hjá lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umfangsmikil skoðun á öllu starfsfólki

Lögreglan þarf að skoða bakgrunn hvers einstaklings að minnsta kosti fimm ár aftur í tímann. Í athugininni felst meðal annars skoðun á viðkomandi í eftirfarandi gögnum:

- Málaskrá lögreglu
- Sakavottorði
- Upplýsingakerfi Interpol
- SIS-upplýsingakerfinu
- Þjóðskrá
- Eftir atvikum fyrirspurnum til erlendra yfirvalda
- Tollyfirvöldum
- Héraðsdómi
- Öðrum opinberum skrá

Heimild: Reglugerð um flugvernd

að sjá hvernig afgreiðsla þeirra umsókna eigi eftir að ganga upp fyrir sumarið.

„Ef við komum fólkum ekki inn verður það einfaldlega þannig að vélar komast ekki út og inn á réttum tíma. Þetta mun engan veginn ganga upp, hvorki fyrir IGS en aðra á þessu svæði.“

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum,

segir skoðunina taka mun meiri tíma en áður, en þrátt fyrir það fylgi því ekkert auknið fjármagn.

„Við erum að reyna að gera eins vel og við getum, þetta er alls ekki verkefni sem mætir afgangi,“ útskýrir Sigríður. „En við höfum áhyggjur af því að við ráðum ekki við allar þessar nýju umsóknir ef við fáum ekki frekari mannskap.“

sunna@frettabladid.is



HÚSNÆÐISLÁN Innlánsstofnanir veittu tvo þriðju hluta nýrra húsnæðislána í nóvember. Hlutfall þeirra af markaðnum hefur snarhækkað á skömmum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Húsnæðislánum fjölgar:

Bankar á ný umsvifamiklir

VIÐSKIPTI Bankar og innlánsstofnanir veita nú á ný meirihluta af nýjum húsnæðislánum. Íbúðalána-sjóður og lífeyrissjóðirnir veittu frá hrúni og fram á mitt síðasta ár megnið af nýjum húsnæðislánum. Hlutfall innlánsstofnana af heildarfjárhæð nýrra íbúðalána var þannig um 65 prósent í nóvember. Um þetta var fjallað í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka.

Heildarfjárhæð nýrra útlána á síðasta ári nam um 42 milljörðum króna. Er það þó einungis rúm 15 prósent af upphæð nýrra útlána árið 2005 þegar umsvif á húsnæðismarkaði voru mest fyrir hrún.

- mþ

Eldur hjá fyrirtækinu Já:

Eldur slökktur í vararafstöð

LÖGREGLUMÁL Slökkviliðið í Reykjavík var kallað af fyrirtækinu Já á Stórhöfða rétt fyrir hádegi í gær. Reykur barst úr vararafstöð sem hefur að geyma tölvubúnað en öryggisvörður notaði slökkvitæki til að slökkva eld sem þar var.

Þegar slökkviliðið í Reykjavík kom á vettvang var húsið rýmt og tveir reykkaferar fóru inn í herbergið. Þeir náðu að slökkva í þeim glæðum sem eftir voru fljótt og örugglega.

- fb

Aðalfundur Golfklúbbsins Setberg verður haldinn fimmtudaginn 26. janúar 2012.

Fundurinn verður haldinn í golfskálanum og hefst klukkan 20:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs.




VEÐURSPÁ



STORMUR gengur inn á sunnan- og vestanvert landið seint í kvöld eða nótt með talsverðri snjökumu. Á morgun verður snjökoma eða slydda víða um land en annað kvöld verður veður að mestu gengið niður. Búast má við ófærð meðan veðrið gengur yfir.

Á MORGUN Hvassviðri á Vestfjörðum og með norðurströndinni en annars strekkingur.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	10°
Berlin	2°
Billund	1°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	19°
London	8°
Mallorca	16°
New York	10°
Orlando	26°
Ósló	-7°
París	10°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is


SUZUKI

Way of Life!

Traustur ferðafélagi



Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni
á fjórhjóladrifnum Suzuki.



SUZUKI GRAND VITARA
Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur
og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn
betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.
Grand Vitara Premium+
2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.350 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.650 þús.**



NÝR SUZUKI SWIFT 4x4
Stærri, rúmbetri og með einstaklega
sparneytinni 94 hestafla vél.
Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



SX4 SPORTJEPPLINGURINN
Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður
og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. **3.690 þús.**
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK


SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

KJÖRKASSINN



Vilt þú leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni?

Já	62,9%
Nei	37,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með EM í handbolta núna?

Segðu þína skoðun á Vísiris



Umdeild ummæli í Danmörku:

Ráðherrann gagnrýndi Lego

DANMÖRK Manu Sareen, jafnréttisráðherra Danmerkur, hefur gagnrýnt danska leikfangaframleiðandann Lego á Facebook-síðu sinni. Sareen sagði nýja línu af Lego, sem er sérstaklega ætluð stúlkum, ýta undir staðalímyndir kynjanna og það væri leiðinlegt að þessi einstöku leikföng féllu í þá gryfju.

Ummæli hans féllu í grýttan jarðveg og svöruðu um 200 manns þeim á síðunni. Þá hefur Lego svarað og sagst byggja nýju línuna á fjögurra ára rannsóknunum, en ekki staðalímyndum. Sareen sagði í gær að hann hefði ekki ætlað sér að gagnrýna leikfangaframleiðandann, heldur aðeins skapa umræðu um kynjaskiptingu á leikföngum. - þeb

LÖGREGLUMÁL

Dópaður undir stýri

Lögreglan á Selfossi stöðvaði öku mann sem grunaður var um að aka undir áhrifum fíkniefna í nágrenni við Selfoss aðfaranótt sunnudags. Lítilræði af fíkniefnum fannst á mannum, auk þess sem hann var ekki með ökuréttindi.

Áfram unnið að undirbúningi pappírsværksmiðju

VIÐSKIPTI Papco stefnir enn að því að reisa 7.000 fermetra pappírsværksmiðju á Hellisheiði. Áætlað var að hefja framkvæmdir í lok síðasta árs en erlendur samstarfsaðili Papco sló verkefninu á frest vegna yfirtöku fyrirtækisins á einum helsta samkeppnisaðila sínum.

„Við vorum komin mjög langt í samningaviðræðum við okkar samstarfsaðila sem er einn stærsti pappírframleiðandi í heimi. En þá gerðist það núna í haust að þeir fóru í yfirtöku á einum stærsta keppnauti sínum í Evrópu. Það

er meiri háttar ferli og því frestuðust okkar samningar um óákveðinn tíma. Við hins vegar áætluðum að það sé um tæpt ár eða svo,“ segir Þórður Kárason, forstjóri Papco.

Þórður leggur áherslu á að verkefnið hafi ekki verið slegið af, heldur einungis frestast. Hann segir mikla eftirspurn eftir umhverfis-



ÞÓRÐUR KÁRASON

7.000 fermetrar er stærðin á verksmiðjunni sem Papco stefnir á að reisa.

vænni pappírframleiðslu og þá sé samstarfsaðilinn mjög spenntur fyrir því að reisa verksmiðju hér. „Þeir komu til Íslands í sumar og voru mjög hrifnir af svæðinu og öllum aðstæðum hér,“ segir Þórður

og bætir við að vandað hafi verið til alls undirbúnings.

Fregnt af áformum Papco bást fyrst snemma árs 2008. Hugmyndin var að reisa verksmiðju sem flytti inn hráefni úr nytjaskógum og ynni úr því neytendavörur á borð við eldhúsrúllur, servíettur og salernispappír. Sæst var á 7.000 fermetra verksmiðju með um 30.000 tonna framleiðslugetu á ári. Í verksmiðjunni verða til um 35 til 40 störf og á að flytja megnið af framleiðslunni út til Evrópu.

- mþl

Samráð við íbúa um Hljómalindarreit

Eignirnar við Hljómalindarreit falla nú undir eignasafn Laugavegsreita ehf. sem eru í eigu Regins, dótturfélags Landsbankans. Áhersla verður lögð á að ná sátt um hvað eigi að vera á reitnum, að sögn verkefnisstjóra um uppbyggingu reitsins.

SKIPULAGSMÁL Íbúar, hagsmunaaðilar og Reykjavíkurborg eiga að fá að vera með í ráðum um skipulag á Hljómalindarreitnum svokallaða sem afmarkast af Laugavegi, Hverfisgötu, Klapparstíg og Smiðjustíg.

Þetta segir Hannes Frímánn Sigurðsson sem stýrir verkefninu um uppbyggingu Hljómalindarreitsins.

Hannes starfar fyrir Regin, dótturfélag Landsbankans, og fer með verkefni Laugavegsreita ehf. sem eru í eigu Regins. Eignirnar á svæðinu, sem Reginn keypti af Foldum fasteignabréðunarfélagi ehf. og Festum ehf. í lok nóvember síðastliðins, falla undir eignasafn Laugavegsreita. Auk þess voru keyptar eignir á svæðinu af Landsbankanum, að sögn Hannesar.

„Okkar áform eru að skapa vettvang til samráðs og erum við að setja á laggirnar starfshóp í því skyni. Við munum reyna að finna út í samráði við íbúa, hagsmunasamtök í miðbænum og borgina, auk helstu aðila sem vilja láta eitthvað að sér kveða, hvað eigi að vera á svæðinu. Við leggjum áherslu á að ná sátt um hvað eigi að vera á reitnum,“ segir Hannes.

Hann getur þess að Laugavegsreitir ehf. hafi skuldbundið sig til þess að minnka fyrirhugað byggingamagn á reitnum.

„Tillaga arkitektúr.is um skipulag á reitnum varð á sínum tíma hlutskörpust en uppi voru ólíkar hugmyndir um byggingamagn á svæðinu. Við höfum skuldbundið okkur til þess að minnka það. Við munum reyna að laga skipulagið að því sem býið er að gera en ætlum okkur að komast að því hvort vilji hafi almennt staðið til þessa,“ tekur Hannes fram.

Hugmyndir Festa ehf. voru að



NÝLENDUVÖRUVERSLUN HEMMA OG VALDA Nýir eigendur Hljómalindarreitsins hafa skuldbundið sig til að minnka fyrirhugað byggingamagn á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Við leggjum áherslu á að ná sátt um hvað eigi að vera á reitnum.

HANNES FRÍMÁNN SIGURÐSSON
HJÁ LAUGAVEGSREITUM EHF.

reisa hótél, verslunar-, veitinga- og þjónusturými á Hljómalindarreitnum.

Að sögn Hannesar kemur til greina að endurskipuleggja reitinn að hluta ef ljós kemur að einungis verði hægt að ná sátt með því.

Vinna á hratt í málinu, að því er hann greinir frá.

„Við reynum að gera þetta fljótt og vel. Að loknu samráðsferlinu mun skipulagsferlið taka sex til tólf mánuði ef allt gengur eðlilega fyrir sig.“

ibs@frettabladid.is



ER VERÐTRYGGINGIN AÐ KÆFA HEIMILIN?

BORGARAFUNDUR Í HÁSKÓLABÍÓI KL. 20.00
MÁNUDAGSKVÖLDIÐ 23. JANÚAR 2012

Á þessum borgarafundi verður staða lánþega í brennidepli. Auk reynslusagna verður farið yfir hvernig verðtryggingin virkar og bent á lausnir undan oki hennar. Flutt verða framsöguerindi og síðan verða tvískiptar pallborðsumræður.

Fundurinn er haldinn í samhengi við fleiri fundi svipaðs efnis. Þannig verður framhaldsfundur um miðjan febrúar þar sem athyglinni verður beint að réttindum lánþega og aðferðum við að ná þeim fram.

FRAMSÖGUERINDI

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt
Karl Sigfússon, verkfræðingur og millistéttaurli
Marínó G. Njálsson, ráðgjafi
Guðbjörn Jónsson, fyrverandi ráðgjafi

Sérfræðinganevnd fer yfir stjórnýslu borgarinnar í aðdraganda bankahrunsins:

Fá aðgang að trúnaðargögnum

STJÓRNÝSLA Borgarráð skipaði á fimmtudag þriggja manna úttektarnefnd til að skoða stjórnýsluna og stjórnkerfið í borginni í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

Úttektarnefndin er skipuð nú í kjölfar samþykktar rúmlega eins árs gamallar samþykktar borgarráðs um að skipa nefnd óháðra sérfræðinga sem auk þess að yfirfara stjórnkerfi og stjórnýslu Reykjavíkur í ljósi niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis á að draga fram lærdóma og leggja fram tilögur að breytingum.

„Borgarráð leggur áherslu á að nefndin fái aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum í förum Reykjavíkurborgar, þar með töldum

trúnaðargögnum og sé jafnframt heimilt að kalla fyrir sig aðila í stjórnkerfi borgarinnar,“ segir í bókun borgarráðs á fimmtudag.

Nefndin skal gera ráðstafanir til að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál ef grunur vaknar við úttekt nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum,“ segir borgarráð.

Nefndarmenn eru Ásdís Blökk

Theodórsdóttir, prófessor í skipulagsfræðum, Sesselja Árnadóttir lögmaður og Sigurður Þórðason, fyrirverandi ríkisendurskoðandi.

Gert er ráð fyrir sjálfstæðri úttekt á Orkuveitunni í kjölfar rekstrarúttektar sem staðið hefur yfir.

- gar

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

Fyrirverandi ríkisendurskoðandi er sestur í nefnd sérfræðinga sem eiga að fara yfir stjórnýslu borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í FLOTTU FORMI Á NÝJU ÁRI!



NUTRAMINO PRÓTEIN
Nr.1 í Danmörku. 100% hreint
mysuprótein ríkt af BCCA
(levsín, iso-levsín og valín).

NUTRAMINO ICE TEA
Brennsludrykkur sem virkar. Mjög
vatnslosandi, sykurlaus, grænt te,
andoxunarefni, 75mg koffín. Mjög
bragðgóður og svalandi.



TILBOD
20%
afsláttur við kassa



TILBOD
20%
afsláttur við kassa



TILBOD
6 fyrir 5

KONJAK
Grenningarvara - Getur
aukið þyngdartap um 60%



NÝTT

NUPO NÆRINGARFÆÐIÐ
Einhver áhrifamesta og öruggasta aðferð
sem þekktist þegar markmiði er að léttast,
vottað af læknum og lyfjafræðingum. Nupo
tryggir að líkaminn fái öll þau vítamín,
steinefni og næringarefni. Það eina sem
skorið við nögl eru hitaæiningarnar.



NÝTT
MANGÓ
VANILLA



TILBOD
6 fyrir 5

MAXX PRÓTEIN
Hreint mysuprótein til
að byggja upp vöðva
og brenna fitu.



TILBOD
20%
afsláttur við kassa

LIÐ-AKTÍN QUATRO
Til þess að byggja upp og
viðhalda heilbrigðu brjóski
og liðamótum.



B-SÚPER
Öflug B-vítamín
fyrir taugarnar,
húð, hár og neglur.

TILBOD
20%
afsláttur við kassa

HYDOXYCUT
Eykur brennslu, minnkar
matarlyst og gefur orku í
dagsins önn.



GOTT VERÐ
4.999 kr/pk

VITABIOTICS VÍTAMÍN
Margverðlaunuð og
mest seldu vítamín í
Bretlandi. Öll nauðsyn-
leg vítamín í einni töflu



NÝTT
VITABIOTICS
VÍTAMÍN



GOTT VERÐ
199 kr/stk

4x6 ACIDOPHILUS
Góðgerlablanda
sem hefur góð áhrif
á meltingarflóru.



PSYLLIUM HUSK
Trefjar hafa mikilvægt
hlutverk í meltingarvegi
okkar.

TILBOD
20%
afsláttur við kassa

QNT CARBO LOAD
100g af kolvetni. Orkudrykkur
sem kemur þér í gegnum
hvaða æfingu sem er. Engin
örvun - bara hrein orka.



TILBOD
20%
afsláttur við kassa

QNT TERMO BURN
Hjálpar þér að léttast
hratt og örugglega!
Vinsælasti brennslu-
drykkurinn á Íslandi.



TILBOD
20%
afsláttur við kassa

MYOPLEX MÁLTÍÐARBRÉF
Bragðgóður máltíðardrykkur sem
hentur vel eftir æfingu. Inniheldur
góða samsetningu próteina, kolvetna,
fitu, trefja og annarra næringarefna
sem aðstoða við vöðvauppbyggingu
og orkuhleðslu líkamans.



TILBOD
20%
afsláttur við kassa

POPCORNES HEILSUSNAKK
Gert úr náttúrulegum
hráefnum. Fitusnautt.
Glúten og transfitu frítt.



TILBOD
299 kr/stk
fullt verð 349,-

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaðan er eigandi bakarísins Hveiti og smjör?
2. Hvað heitir maðurinn sem Bretar heidruðu fyrir björgunar-afrek?
3. Í hvaða bæ var nýtt orgel frá Þýskalandi vígt í gær?

SVÖRIN

1. Bandaríkjumum 2. Magnús Pálsson
3. Stýkkishólmi

Utanríkisráðherra Þýskalands: Hugarfarsbreytingar er þörf

EVROPUMÁL Vandamál evrusvæðisins má að stóru leyti rekja til mistaka sem gerð voru við stofnun þess og hugarfarsbreytingar er þörf til að sagan endurtaki sig ekki. Þetta sagði Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, í ræðu hjá Brookings-stofnuninni í Bandaríkjunum.

Hann sagði jafnframt að frá stofnun hafi ekki verið nægilegt aðhald með stefnu ríkjanna og skuldum hafi verið leyft að hrannast upp á góðæristímanum. Það hafi reynst afdrifarikt þegar hrundi varð og því sé nú unnið að nýjum reglum.



GUIDO WESTERWELLE

8

Forsætisráðherra Kína lýsir vilja til að styðja við endurreisn hagkerfisins hér:

Vill styðja fjárfestingu og efla tengsl

UTANRÍKISMÁL Kína styður viðleitni Evrópuþjóða til þess að viðhalda fjármálalegum stöðugleika og hagvexti. Fréttavefur Kínverska ríkisútvarpsins (CRI) greinir frá því að Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, hafi látið þessi orð falla á fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, í byrjun síðustu viku þegar þeir hittust á heimspingi hreinnar orku í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

CRI segir forsætisráðherrann hafa borið lof á árangur sem náðst hafi í góðum samskiptum Íslands og Kína og kvað Kína vilja viðhalda

miklum og góðum samskiptum, þar sem gagnkvæm ráðgjöf yrði fest enn frekar í sessi, sem og gagnkvæmt pólitískt traust.

„Til þess að fást við afleiðingar fjármálakreppunnar ættu löndin tvö að leita leiða til að auka sjálfs-traust markaða, víkka út tvíhliða viðskipti, ýta undir gagnkvæma fjárfestingu og dýpka enn samskipti á sviði menningar-, mennta- og ferðamála,“ er haft eftir Wen Jiabao.

Forseti Íslands og kínverski forsætisráðherrann voru sammála um að leiðir landanna lægju saman á



Í ABU DHABI Forsetaembættið segir Wen Jiabao ætla að gera sitt besta til að heimsækja Ísland.

MYND/FORSETLIS

fjöldi sviða, svo sem í orkunýtingu, baráttu við útblástur gróðurhúsalofttegunda, jarðvarma og jökla-rannsóknnum.

- óká

Norsk grálúða við Austurland:

Synti minnst 980 sjómíllur

NÁTTÚRA Sigurbjörg ÓF 1, skip Ramma hf., veiddi fyrir stuttu grálúðu út af Seyðisfjarðardýpi sem merkt var af norsku Hafrannsóknastofnuninni norðvestan við Svalbarða 8. september 2008.

Vegalengdin sem grálúðan hefur farið er því 980 sjómíllur hið minnsta ef hún hefur synt stystu leið.

Friðþjófur Jónsson, skipstjóri á Sigurbjörgu, telur líklegast að lúðan hafi synt suður, vestan við Noreg og síðan yfir til Íslands eða um 2.600 kílómetra.

- shá

Rannsóknir sýna að bjartállinn lifir lengi en vex hægt:

Állinn nær allt að fjörutíu ára aldri

NÁTTÚRA Rannsóknir Veidimálastofnunar á bjartál í Elliðaánum sýna að áll sem elst upp á Íslandi getur náð háum aldri. Álar sem Veidimálastofnun rannsakaði í göngu niður Elliðaánnar voru allt að 40 ára.

All hrygnir í sjó, nánar tiltekið í Þanghafinu. Seiði þeirra synda með Golfstraumnum og berast að ströndum Evrópulanda, þar á meðal Íslands.

Seiðin, sem þá eru kölluð gleráll, ganga svo upp í ferskvatn og alast þar upp. Nokkuð virðist ganga af glerál upp í Elliðaánnar og líklega fer mest af honum upp í Elliðavatn og dvelur þar fram að kynþroska. Þegar kynþroska er náð fer állinn í göngubúning

líkt og laxfiskar sem eru á leið til sjávar. Verður hann þá ljósari yfirlitum og kallast bjartáll.

Starfsmenn Veidimálastofnunar rannsókuðu yfir 100 bjartála á tímabilinu 1999 til 2005 og skrásettu niðurgöngutíma, lengd, þyngd, kyn og aldur fiskanna. Kom þá í ljós að bjartáll á lengdarbilinu 53 til 103 sentimetrar var á aldursbilinu 13 til 40 ára gamall.

Allur állinn sem kom niður Elliðaánnar voru hrygnur en talið er að hængarnir haldi sig neðar í vatnakerfum eða á strandsvæðum í sjó.

Aðalgöngutími álsins er frá miðjum september til miðs nóvember.

- shá



VIRKJANAFRAMKVÆMDIR Enn hafa ekki verið að fullu slegnar út af borðinu hugmyndir um að lífeyrissjóðir og mögulega aðrir eignist hlut í Landsvirkjun. Hömlur yrðu þó settar á viðskipti með þá eignarhluti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja taka upp viðræður við ríkið á ný

Formaður Landssamtaka lífeyrissjóða segir skoðunar virði að sjóðirnir fjármagni framkvæmdir Landsvirkjunar gegn eignarhlut sem þó geti ekki gengið kaupum og sölum. Segja boltann vera hjá ríkinu.

VIÐSKIPTI Lífeyrissjóðirnir hafa enn áhuga á viðræðum við ríkið um aðkomu þeirra að Landsvirkjun.

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra hefur sagt koma til greina að sjóðirnir kæmu að fjármögnun einstakra verkefna gegn því að eignast hlut í Landsvirkjun sem þeir gætu þó ekki verslað með. „Til dæmis ef þeir vildu koma inn með áhættufé. Þeir gætu þá átt hlut og tekið til sín arð,“ sagði hún í viðtali í Fréttablaðinu.

ARNAR SIGURMUNDSSON



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

„Hún er þá að tala um einhvers konar B-bréf,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, og kveður lífeyrissjóðina opna fyrir því að hefja að nýju viðræður við ríkið um aðkomu þeirra að Landsvirkjun eða jafnvel öðrum fyrirtækjum í ríkiseigu.

Til skoðunar var að lífeyrissjóðirnir keyptu sig inn í Landsvirkjun og slyppu á móti við sérstaka tíma-bundna skattlagningu, en ekki náðist saman í þeim viðræðum. „En á síðara stigi kom inn í viðræðurnar að skynsamlegt gæti verið að breyta Landsvirkjun í hluta-

Annars vegar væri ríkið með eignarhluta og svo hugsanlega aðrir sem væru heftir þannig að þeir gætu aldrei selt nema innbyrðis.

ARNAR SIGURMUNDSSON
FORMAÐUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

félag, sem þá yrði væntanlega með tvenns konar ákvæðum. Annars vegar væri ríkið með eignarhluta og svo hugsanlega aðrir sem væru heftir þannig að þeir gætu aldrei selt nema innbyrðis í sínum hópi,“ segir Arnar, en áréttar að um þetta hafi ekki farið fram neinar formlegar viðræður.

„Auðvitað væru lífeyrissjóðirnir örugglega opnir fyrir þessum möguleika í langtímafjárfestingu. Við gerum okkur grein fyrir því að eins og aðstæður eru þá eru þessir hlutir ekki til sölu, en einhvern tímann verða menn að setjast niður og skoða þessi mál vel,“ segir hann. „En ríkið ræður því auðvitað alfarið hvort þessar viðræður verða teknar upp eða ekki.“

Arnar segir hugmyndina allrar skoðunar virði og telur hana kunna að vera hagstæða fyrir alla hlutadeigandi. Þannig myndi fjármögnun lífeyrissjóða á verkefnum sem rynni til hlutfjárfestinga Landsvirkjunar verða til þess að styrkja eiginfjárfestingu fyrirtækisins og þar af leiðandi myndu lána-kjör þess batna.

olitr@frettabladid.is

Morgunverðarfundur ASÍ um húsnæðislán
Þriðjudaginn 24. janúar milli kl. 8 og 10 á Hilton Reykjavík Nordica

HVAÐ GETUM VIÐ LÆRT AF DÖNUM?

Opinn fundur ASÍ um það hvernig lækka má húsnæðisvexti heimilanna.

Ræðumenn: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Peter Jayaswal, aðstoðarframkvæmdastjóri samtaka húsnæðislánveitenda í Danmörku, fjallar um danska húsnæðislánakerfið (erindi á ensku).


Pallborð: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs Stefán Halldórsson, ráðgjafi Landssamtaka lífeyrissjóða í húsnæðismálum.

Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður er fundarstjóri og stýrir umræðum í pallborði.



Alþýðusamband Íslands

Allir velkomnir.



Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

<p>Þvottavél LAVAMAT 62840</p> <p>1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 64840</p> <p>1400 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 129.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 109.900,-</p>	<p>Uppþvottavél FAVORIT 45010-W/M</p> <p>Tekur 12 manna stell 5 þvottakerfi Turbo-þurrkun Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW) Orkunýtni: A Þvottahæfni: A Þurrkhæfni: A</p> <p>AEG</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,- 109.900,- HVÍT STÁL</p>	
<p>Þvottavél LAVAMAT 74850</p> <p>1400 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 169.900,- Þú sparar: 25.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 144.415,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 76850</p> <p>1600 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,- Þú sparar: 26.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 152.915,-</p>	<p>Þurrkari LAVATHERM T56740</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 139.900,- Þú sparar: 20.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 118.915,-</p>	
<p>Þurrkari LAVATHERM T55460</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 30.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél ZWH6125</p> <p>1200 snúninga vél Tekur 7 kg af þvotti Öll hugsanleg þvottakerfi Þvottahæfni: A Þeytivinduafköst: B Orkuflokkur: A+ Íslenskar leiðbeiningar</p> <p>ZANUSSI</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 89.900,-</p>	<p>Þurrkari ZTA140</p> <p>Barkapurrkari Taumagn: 6 kg Tímarofi Krumpuvörn Riðfrí tromla Snýr tromlu í báðar áttir</p> <p>ZANUSSI</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 76.900,-</p>	
<p>Þvottavél & þurrkari <i>PAR 1</i> LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Listaverð: 119.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Listaverð: 119.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 239.800,- Þú sparar: 40.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – <i>PARIÐ</i> 199.800,-</p>		<p>Þvottavél & þurrkari <i>PAR 2</i> LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1400 snúninga · Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók Listaverð: 169.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Stafrænn framvinduskjór Íslensk notendahandbók Listaverð: 149.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 319.800,- Þú sparar: 55.465,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – <i>PARIÐ</i> 264.335,-</p> <p>AEG</p> <p>ÞURRGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ</p>	

Umboðsmenn um land allt



LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
Í TÓLF MÁNUÐI

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

FRÉTTASKÝRING: Frávísun á máli Geirs H. Haarde

Ekki réttarhöld í nefnd

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallar á morgun um tillögu um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde. Formaður nefndarinnar vill forðast að breyta starfi hennar í réttarhöld í málinu. Kallað verður eftir álitum sérfræðinga um efnislegar ástæður fyrir afturköllun.



FRUMMÆLANDINN Bjarni Benediktsson kallaði eftir því að málið fengi efnislega meðferð og öllum steinum yrði við snúið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþingi samþykkti á föstudag að vísa tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Við umræðu um tillöguna kallaði Bjarni og fjölmargir fleiri eftir því að öllum steinum yrði snúið við í málinu. Ljóst er að efnisleg umræða verður að fara fram um málið.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir þó mikilvægt að breyta starfi hennar ekki í réttarhöld. Nefndin mun hittast á morgun og ræða málið. Þar verður þó ekki um efnislega umfjöllun að ræða heldur verður framhaldið kortlagt, hvernig taka eigi á málinu, hvaða gesti eigi að kalla fyrir nefndina og svo framvegis. Efnisleg umfjöllun mun hefjast síðar í vikunni, að sögn Valgerðar.

„Mér sýnist það liggja fyrir annars vegar að ræða um það hvort málið eigi heima í þinginu. Ég geri svo ráð fyrir því að við fáum lögfræðinga sem eru vel að sér í sakamálu til að ræða það hvort efnis-

legar ástæður séu fyrir því að fella málið niður. Þá munum við ræða við saksóknarann, en þetta munum við allt ákveða á morgun.

Stjórnarskrá til hliðar

Álfheiður Ingadóttir, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, tekur undir með formanni nefndarinnar að mikilvægt sé að störf hennar fari ekki að bera keim af dómstóli.

„Ég tel útilokað að við séum að flytja þessi réttarhöld, þetta dómhald, inn í hliðarsali Alþingis.“

Nefndin hafði sett sér fundaplan vegna stjórnarskrármála og nú fundir voru fyrirhugaðir til loka febrúar. Ljóst er að Landsdómsmálið mun hafa einhver áhrif á þá vinnu, en skoða á hvort hægt verði að vinna málin samhliða. Um

tvö mjög stór mál er hins vegar að ræða og traudla mun áætlun varðandi stjórnarskrána standast.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að nefndin verði að gefa sér tíma í málið, þó hún hafi öðrum mikilvægum verkefnum að sinna, svo sem stjórnarskránni.

„Hlutverk nefndarinnar er mjög vandasamt en maður treystir henni vel fyrir því. Það er allt vandasamt sem tengist inngripi Alþingis í þetta mál, sem komið er til Landsdóms, en menn verða bara að halda ró sinni og sjá hverju fram vindur.“

Kolbeinn Öttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



VILDU VÍSA TILLÖGU BJARNA FRÁ




Arna Lára Jónsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Áni Þór Sigurðsson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir



Guðmundur Steingrímsson, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir



Lúðvík Geirsson, Magnús M. Norðdahl, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Mördur Árnason, Oddný G. Harðardóttir



Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Skúli Helgason, Steingrímur J. Sigfússon



Svandís Svavarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þór Saari, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman

VILDU EKKI VÍSA TILLÖGU BJARNA FRÁ



Atli Gíslason, Áni Páll Árnason, Áni Johnsen, Ásbjörn Öttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Ásta R. Jóhannesdóttir




Birgir Ármannsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson



Gunnar Bragi Sveinsson, Illugi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Kristján L. Möller



Lilja Mósesdóttir, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkarðsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir

FJARVERANDI



Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ögmundur Jónsson, Össur Skarphéðingsson

FJARVIST



Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:

Frábært tölvunám fyrir þig

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 25 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Bókhald og skrifstofutækni

Hagnýtt bókhald
Hagnýtt bókhald II
Tölvu- og bókhaldsnám

Excel, Access, Word, PowerPoint

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Framhaldsnámskeið
Excel IIb: Fjármál og bókhald
Excel III: Fjölvör og forritun
Excel Pivottöflur
Excel gagnagrunnar og listar
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Framhaldsnámskeið
Word almenn ritvinnsla
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word
PowerPoint almenn glærugerð
PowerPoint II fyrir lengra komna

Forritun

Visual C# og ASP .NET forritun
ASP .NET forritun
Gagnagrunnsfræði
Silverlight
Diplómanám í forritun

Kerfisfræði

Windows 7 kerfisstjórn
Windows 2008 Server kerfisstjórnun

Verkefnastjórnun

Hagnýtt verkefnastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun

Vefsíðugerð

DreamWeaver vefsíðugerð
Joomla vefsíðugerð
Joomla II fyrir lengra komna
Vefsíðugerð grunnur
Vefsíðugerð og margmiðlun
Flash I: Margmiðlun
Flash II: Action Script forritun

Grafík og ljósmyndun

Stafræn ljósmyndun
Stafræn ljósmyndun II
Stafræn myndbandagerð
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Photoshop Elements ljósmyndavinnsla
Photshop myndvinnsla

Almennt tölvunám og byrjendur

Fartölvunámskeið
Tölvunám fyrir 50+
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám plús
Tölvunám fyrir byrjendur
Internetið
Windows 7 fyrir byrjendur

Önnur námskeið

Outlook póstur, dagbók og verkefni
Outlook fyrir lengra komna
Útgáfa með Publisher
Fingrasetning - tölvuvérlitun
Hugarkort - XMind

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is





FLUGFÉLAG ÍSLANDS


Burt úr bænum

Hristu hópinn saman!

Burt úr bænum er fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum. Komdu liðinu skemmtilega á óvart.

Taktu flugið burt úr bænum. Tilvalið fyrir starfsmannuferðir, árshátíðir, óvissuferðir eða menningarferð með fjölskyldunni.

Frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands og nú bjóðum við einnig ferðir til Færeyja.



REYKJAVÍK
EGILSSTAÐIR
ÍSAFJÖRÐUR
AKUREYRI
ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á FLUGFELAG.IS EÐA Í SÍMA 570 3075.



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Skemmtum okkur innanlands er fyrir þá sem vilja taka flugið og gista á frábærum hótélum á áfangastöðum Flugfélags Íslands. Upplifðu stemninguna út á landi eða í Reykjavík og skemmtu þér innanlands.

EES felur í sér tvöfaldan lýðræðishalla.

Evrópuvæðing án áhrifa

Í síðustu viku kom út viðamikil skýrsla á vegum norskra stjórnvalda, þar sem samningum Noregs við Evrópusambandið er lýst. Sú skýrsla er um leið að verulegu leyti lýsing á sambandi Íslands við ESB, því að marga samninga við ESB eiga Ísland og Noregur sameiginlega.

Þar er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið klárlega viðamestur. Norska nefndin sem skoðaði málið kemst að þeirri niðurstöðu að EES og aðrir samningar Noregs við ESB hafi falið í sér umfangsmikla „Evrópuvæðingu“ Noregs, á miklu fleiri sviðum en flesta gruni og meðal annars hafi það komið nefndinni, sem þó var skipuð færustu sérfræðingum, á óvart hversu aðlagð norskt samfélag og löggjöf sé orðið því sem gerist í ESB. Það helgist þó ekki sízt af þörfinni á því að finna sameiginlegar lausnir á vandamálum og viðfangsefnum sem ekki virða landamæri og það útheimti skuldbindandi alþjóðlegt samstarf. Grundvöllur samstarfsins sé að Noregur deili bæði gildum og hagsmunum með ESB-ríkjunum 27. Óhætt er

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



að fullyrða að það sama eigi við um Ísland.

Nefndin telur EES-samninginn hafa þjónað hagsmunum Noregs vel, en vandamálið við hann sé fyrst og fremst lýðræðislegt; Noregur hafi skuldbundið sig til að hlíta bæði stefnu Evrópusambandsins og lagasafni þess á mjög breiðu sviði, án þess að hafa aðild að ESB eða atkvæðisrétt innan sambandsins. „Þetta er það verð sem Noregur greiðir fyrir að njóta ávinningsins af evrópskum samruna án þess að vera meðlimur í þeim samtökum sem knýja áfram þróunina,“ segir í norsku skýrslunni.

Það sama á að sjálfsögðu við um Ísland. Þeir sem tala gegn aðild Íslands að ESB vegna lýðræðishallans svokallaða, sem felst í því að stofnanir sambandsins aðrar en Evrópuþingið sækja ekki umboð sitt beint til borgaranna, gleyma yfirleitt að geta þess að Ísland býr við tvöfaldan lýðræðishalla. Alþingi samþykkir löggjöf sem það fær senda í pósti frá Brussel án þess að hafa á hana nokkur áhrif.

Hér eins og í Noregi á það við að áhrif samninga við ESB eru víðtækari en flestir átta sig á og eða sáu fyrir er EES-samstarfið hófst fyrir bráðum tveimur áratugum. Á sínum tíma komst nefnd lögfræðinga að því að það framsal íslensks ríkisvalds, sem fælist í EES-samningnum, væri ekki stjórnarskrárbrót vegna þess að það væri á „afmörkuðu sviði“. Þegar horft er til baka á þau gríðarlegu áhrif sem samningurinn hefur haft hér á landi er nánast útilokað að sú túlkun standist. Þeir sem halda því fram að með aðild að ESB yrði mikil eðlisbreyting á íslenskri löggjöf og samfélagi eru tuttugu árum eða svo á eftir tímanum. Breytingin er þegar orðin, Evrópuvæðingin er ótrúlega víðtæk. Vandinn er sá að við höfum minna um hana að segja en við ættum að gera.

Með aðild að ESB fengi Ísland bein áhrif á ótal ákvarðanir, sem snerta íslenska hagsmunum og verða sjálfkrafa hluti af íslenskri löggjöf. Það er rangtúlkun að halda því fram að aðild að ESB feli í sér missi áhrifa og fullveldis. Þvert á móti myndi hún styrkja lýðræðið og hafa í för með sér að Ísland hefði meiri áhrif á eigin örlög.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólaf í framboð!

Blásið hefur verið til undirskrifta-söfnunar þar sem skorað er á Ólaf Ragnar Grímsson að gefa kost á sér til áframhaldandi setu á forsetastóli. Meðal þeirra sem standa að baki söfnuninni eru gömlu ráðherrarnir Guðni Ágústsson og Ragnar Arnalds, félagar úr stjórn Heimssýnar. Söfnunin hefur farið vel af stað og voru undirskriftir orðnar tæplega 14 þúsund um miðjan dag í gær. Sá galli er á vefsíðu söfnunarinnar að ekki er hægt að sjá nöfn þeirra sem hafa skrifað undir áskorunina. Það er því ógjörningur fyrir fólk að sjá hvort nafn þess hafi verið skráð á listann án samþykkis.

Styðurðu mig í alvöru?

Þetta er sama aðferðafræði og var viðhöfð í undirskriftasöfnuninni þar sem Ólafur Ragnar var hvattur til að synja síðasta Icesave-samningnum. Var sú söfnun talsvert gagnrýnd af þessum sökum og fór svo að starfsmenn forsetans hringdu í nokkra einstaklinga af handahófi til að ganga úr skugga um marktækni listans. Nú er bara spurning hvort Ólafur Ragnar láti gera það sama við þennan lista fari svo að hann taki áskoranir stuðningsmanna sinna til skoðunar.



Hótanir í pólitík

Það hefur fæst í vöxt síðustu misseri að þingmenn kvarti undan hótunum í þingstörfunum. Nú síðast lýsti Guðfríður Lilja Grétarsdóttir því yfir að sér hefði verið hótað í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um landsdómsmálið á föstudag. Nú finnst vitaskuld engum gaman að láta hótá sér en það ber vott um pólitíska glámskyggni að láta hótanir í pólitík koma sér á óvart. Það er ekki að ástæðulausu sem svokallaðar „svipur“ starfa í þingfloknum víða um heim. Nema svona yfirlýsingar séu gefnar út í þeim tilgangi einum að afla samúðar meðal kjósenda. magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Of langt gengið

Samgöngu-mál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Kallað er eftir bættum samgöngum í köllum landsfjórðungum. Ákveðið var 2009 að taka Vaðlaheiðargöng sérstaklega út úr röðinni, þótt þau væru ekki í röð brýnustu framkvæmda, enda myndi umferðin kosta framkvæmdina að fullu. Nú liggur fyrir að ríkissjóður mun bera kostnaðinn og óvíst er um endurgreiðslur. Samt er ætlun stjórnvalda að hraða jarðgangagerðinni. Nýbirt skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá júní 2010 skýrir stöðuna í knöppu máli. Fjárhagsstaða ríkissjóðs er afar þröng og því verður ekki hægt að ráðast í ýmis brýn og ábatasöm verkefni í næstu framtíð. Stjórnvöld geta ekki tekið á sig frekari skuldbindingar.

Forsenda Vaðlaheiðarganga er að það gangi eftir. Fyrirverandi samgönguráðherra sagði ítrekað í viðtali við Rás 2 þann 2. nóvember 2011, að alltaf hefði verið miðað við að ekki kæmi króna frá ríkinu til verksins og að það tefði ekki aðrar framkvæmdir.

En skýrsla IFS sýnir annað. Ætlunin er að ríkissjóður leggi út fyrir öllum framkvæmdunum og fjármagnskostnaði. Þegar göngin hafa verið í rekstri í

þrjú ár verður látið á það reyna hvort fyrirtækið um göngin geti aflað sér lánsfjár til þess að endurgreiða ríkinu. Ríkið tekur áhættuna af umframkostnaði, verðbólgu, umferð og veitir félaginu auk þess ábyrgð fyrir láninu. Þetta er orðið að venjulegri ríkisframkvæmd.

Ástæða viðsnúningsins er einföld. Umferðin mun ekki standa undir stofnkostnaði nema að hluta til. Það átti ekki að koma neinum á óvart. Vorið 2008 samþykkti Alþingi, að tillögu Kristjáns L. Möllers, að ráðist yrði í Vaðlaheiðargöng sem einkaframkvæmd og að ríkið myndi fjármagna þau að hálfu. Þá sagði Steingrímur J. Sigfússon í ræðu á Alþingi þann 17. apríl að hann hefði reiknað út að göngin ættu að geta séð um 45-60% af kostnaðinum. Fullyrðingar ári síðar um að ríkið þyrfti ekkert að greiða voru alltaf reistar á sandi.

Það er of langt gengið að knýja fram Vaðlaheiðargöng, á röngum forsendum, en eiga ekki fyrir Vestmannaeyjaferju sem hæfir nýrri höfn og fresta Dýrafjarðargöngum um átta ár. Það þarf öruggar heilsársamgöngur alls staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.optima.is

Sjóðsvélar

Optima kynnr

SAM4S sjóðsvélar

Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.

Kynningarverð kr. 43.990.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Þrasarar og þvergirðingar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Þrjú ár liðin frá Búsáhaldbaylt-ingu og uppgjör ganga hægt og með harmkvælum – nema náttúrlega ársuppgjör þeirra fyrirtækja sem fengið hafa mill-ardaskuldir sínar afskrifaðar.

Enn vaða uppi menn sem eignuðust gróin og ágæt fyrirtæki og skófu þau og skuldsettu og gerðu að rjúkandi rústum, kalla sig athafnamenn en ættu með réttu lagi að skúra einhvers staðar í samfélagsþjónustu. Engin uppgjör þar, engin iðrun, engin yfirbót. Bara forherðing tóm og einbeittur vilji til að halda áfram fyrri iðju við verðmæt-askafelsi og eignarhaldsfélaga-súpugerð. Þessi gömlu fyrirtæki sem þeir rústuðu skröla að vísu sum áfram með ekkert hjól undir bílnum og flækjast fyrir þeim fyrirtækjum sem rekin voru af raunverulegum athafnamönnum, og eru í umsjón skilanefndafólks sem telur sig óskekult af því að það er með þrjú hundruð þúsund krónur á tímann.

Þrasarar til vinstri

Svo á að heita að vinstri menn séu við völd hér og þar. Hafi það gilt um hægri menn sem Hannes Hólmsteinn orðaði svo prýðilega á velmektardögum útrásar og arðgreiðslna að þeir vilji „græða á daginn og grilla á kvöldin“ má kannski segja að vinstri menn gefi um þessar mundir einkum þá mynd af sér að þeir vilji röfla á daginn og rifast á kvöldin. Vinstri menn virðast hreinlega ekki í rónni fyrir en þeim hefur tekist að sannfæra hvern einasta landsmann um að kjósa aldrei framar vinstri flokk, hverju nafni sem hann nefnist.

Það er eins og þeir átti sig ekki á því að fólk kaus þá ekki til að rifast. Þeir eru ekki kosnir fyrst og fremst til að þaulrækta hvert einasta hugsanlegt ágrein- ingsefni sem má finna – þó að það sé auðvitað ágætt að skiptast á skoðunum og vera hreinskipt- inn þá þarf líka stundum að tala saman – og standa saman; þeir eru ekki heldur kosnir til að láta smjör drjúpa af hverju strái eða uppfylla hverja ósk hvers ein- asta manns – þeir eru ekki kosn- ir til að vera andi í lampa – og þeir eru ekki einu sinni endilega kosnir til að tjá ævinlega hina einu ósveigjanlega alréttu skoð- un í hverju máli.

Kjösendur ætlast hins vegar til þess að það fólk sem þeir velja sem fulltrúa sína á þing vinni saman og sýni hvert öðru lágmarksvirðingu, sitji ekki á svikráðum hvert við annað held- ur einbeiti sér að því að leysa þau verkefni sem ber að höndum af trúmennsku og með hags- muni fjóldans að leiðarljósi. Það er kannski til mikils mælst og kannski finnst þessu fólki miklu skemmtilegra að rifast og gildir þar sjálfsagt hið fornkvæða að yfirleitt er meira gaman að þratta sjálfur en að hlusta á ann- arra manna þras. En þetta fólk er sem sé fulltrúar kjósenda, því er ætlað að standa fyrir ákveð- in grundvallaratriði í lífsvið- horfum og því er ætlað að vinna saman; þessir fulltrúar okkar og þjónar eru kosnir til að að finna út úr því – í sameiningu – hvern- ig best er að leysa mál, fremur en að leita ævinlega þess sem flækir mál, þeir eru kosnir til að standa vörð um ákveðin réttindi fólks, vinna gegn ójöfnuði og óréttlæti. Sumir hafa nú þegar hent frá sér völdunum og selt Sjálfstæðismönnum sjálfðæmi nú þegar, eins og gerðist í Kópavogi. Aðrir halda tilfinninga- þrungnar ræður um að þeir hafi misskilið sig þegar þeir álpuðust á sínum tíma til að vera sam-

mála eigin ríkisstjórn í Lands- dómsmálinu.

Þvergirðingar til hægri

Hægri menn þverskallast við að viðurkenna að nokkuð í stefnu þeirra hafi leitt til ófarnaðar. Á meðan þeir bíða eftir því að kom- ast að á ný dunda þeir sér við að semja bækur um kommúnis- mann eins og hann sé einhvers staðar á dagskrá annars staðar en í Valhöll, í því skyni að telja fólk trú um að Gúlagið sé ein- asta hugsanlega mótvægið við það þjóðfélag óréttlætis, ójafn- aðar, misskiptingar og auðræðis sem er hugsjón þessara manna.

Það er partur af stríðinu um Söguna. Ekki er einungis ætluð þeirra að innprenta þjóðinni að kommúnískt einræði bíði hennar ef hún hleypi Flokknum ekki aftur að völdum – og þar með yrði auðmönnum og aflending- um sleppt lausum til að rústa því sem eftir kann að vera af atvinnulífi í landinu – heldur er allt kapp lagt á að láta þá sögu- skýringu verða ofan á að Hrunið hafi verið hamfarir að utan sem enginn mannlegur máttur hefði getað spornað við, og að þar hafi tólf ára valdatíð Sjálfstæðis- flokksins og markvisst afnám reglugerða og eftirlits með pen- ingaöflunum ekki haft neitt að

segja: Þetta var allt Bretum og Hollendingum að kenna.

Sjálfur hef ég haft um það bil fimmtán skoðanir á Lands- dómsmálinu svokallaða, oft allar í einu. Það held ég að gildi um okkur æði mörg. Við finnum til með Geir Haarde mörg hver þrátt fyrir allt og skynjum að það er ekki alls kostar réttlátt, að láta hann bera burt syndir heimsins. Við spyrjum: hvað með þennan og þennan og þennan? Af hverju er ekki búið að lög- sækja verstu fjárplógsmenn- ina? Af hverju fá þeir enn að reka fyrirtæki og yfirleitt hafa fjárráð? Og er það ekki einmitt rangt hjá auðræðissinnunum að stefnan hafi ekki brugðist heldur bara fólk: var það ekki einmitt þannig að stefnan var röng? Geir Haarde aðhylltist ranga stefnu og framfylgdi henni eins og hann var kosinn til að gera í lýðræðis- legum kosningum. Ber okkur ekki þá að sjá til þess að menn með slíka stefnu komist ekki á ný til áhrifa? Jú, allt þetta: en á móti kemur að við vitnaleiðslur þurfa eiðsvarnir þátttakendur í hruninu að segja frá því sem gerðist. Það skiptir miklu máli. Og Geir gefst tækifæri til að standa fyrir sínu máli í stað þess að bera þessa byrði alla ævi: að hafa strandað þjóðarskútunni.

AF NETINU

Ábyrgð flatskjá-fólksins



„Þeir, sem keyptu flatskjái, ollu ekki hruninu. Þeir eru bara teknir sem dæmi um þá, sem skuldsettu sig um of fyrir hrun. Þegar

ég segi þá bera ábyrgð, er ég að tala um ábyrgð á sjálfum sér, ekki á þjóðarhag. Ég kaupi ekki flatskjá meðan túban endist. Hef mín fjármál undir kontról fyrir og eftir hrun.“

www.jonas.is

Jónas Kristjánsson

Algjörlega ómarktækur listi

„Sá hópur sem nú stendur að undirskriftarsöfnun tók sér góðan tíma í undirbúning, en frá því það var ljóst að það væri glufa eftir áramótin og þangað til þessi könnun fór í loftið voru næstum 2 vikur (meira ef menn túlkuðu áramóta ávarpið rétt). Því hefði átt að vera hægt að gera þetta mjög vel. Niðurstaðan er hins vegar sú að þetta er án efa verst útfærða undirskriftarsöfnun sem hefur verið gerð á undanförunum árum. Ég prufaði að setja inn kenni- töluna sem var 111111-1119 og eitthvað rugl nafn. Þegar ég skráði kennitöluna, var sagt að hún væri skráð.“

www.potturinn.com

Tómas Hafliðason

Börnin gleðja víst

„Það þírrar víst ein- hverja svona for- eldra(mont)ferslur á Facebook en mér finnst þær mjög skemmtilegar og alls ekkert mont.



Þar leynast margir gullmolarnir. Sem betur fer missti ég ekki af góðum mola á föstudagskvöldið: „Dóttirin (6) bjargaði þjóðfélags- lega erfiðu kvöldi: Kennarinn les alltaf upp nöfnin í StarWarsröð.“ Ég skemmti mér líka vel fyrir rúmum 20 árum þegar eigið afkvæmi mismælti sig og sagði „kynþokkahatarar“.

www.dv.is/blogg/gurri

Guðriður Haraldsdóttir

FYRIR ELDRI BORGARA

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Í Boðapingi 24 Kópavogi eru enn til leigu nokkrar glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fimm hæða húsi með lyftu. Um er að ræða fyrri áfanga af tveimur, en alls verða íbúðirnar í húsinu 95. Úr íbúðunum er meðal annars stórkostlegt útsýni til Elliðavatns, Esjunnar og Hengilsins. Handan götunnar er hjúkunarheimilið Hrafnista og þjónustumiðstöðin Boðinn, þar sem boðið er uppá fjölbreytta og vandaða þjónustu. Þangað er innangengt um upphitaðann tengigang.

Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar og yfirbyggðar svalir
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði

Þjónustuíbúðir á Brúnavegi og í Hafnarfirði

Eigum einnig glæsilegar tveggja og þriggja herbergja íbúðir með góðu útsýni við Hrafnistu í Reykjavík og í Hafnarfirði.



Reynir Björnsson og Dóra Magnúsdóttir eru ánægð í Boðapinginu.

Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafid samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofu- tíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

www.hrafnista.is



Sjómannadagráð
í Reykjavík og Hafnarfirði



HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfirður | Kópavogur



SALVADOR DALI listmálari lést þennan dag árið 1989. „Sex ára langaði mig að verða kokkur. Sjö ára langaði mig að verða Napóleon og síðan þá hefur metnaður minn aukist stöðugt.“

Merkisatburðir

- 1741** Sjö manns farast í húsbruna á Hvítárvöllum í Borgarfirði.
- 1907** Jón forseti, fyrsti togari smíðaður fyrir Íslendinga, kemur til landsins.
- 1943** Duke Ellington spilar í fyrsta sinn í Carnegie Hall.
- 1973** Eldgos hefst á Heimaey.
- 1979** Fyrsti reyklausi dagurinn er haldinn á Íslandi.
- 2005** Viktor Júsjenkó tekur við embætti sem þriðji forseti Úkraínu.
- 2007** Ríkisútvarpinu er breytt í opinbert hlutafélag.



NORRÆNA HÚSIÐ Efnir til hugmyndasamkeppni um umhverfi Norræna hússins í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta og Hönnunarmiðstöð Íslands.

Besta hugmynd fær tvær milljónir

Norræna húsið, í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta og Hönnunarmiðstöð Íslands, efnir til hugmyndasamkeppni um hönnun á svæði sem umlykur Norræna húsið.

Samkeppnin er opin landslagsarkitektum sem skráðir eru í fagfélög innan Hönnunarmiðstöðvar Íslands auk sambærilegra fagaðila á Norðurlöndum.

Markmið keppninnar er að fá raunhæfar og spenn-

andi tillögur um hönnun og innihald svæðisins, sem á að nýtast allri fjölskyldunni til fjölbreyttrar útivistar allt árið um kring.

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð allt að tveimur milljónum króna. Allar upplýsingar og gögn um samkeppnina er að finna á honnunarmidstod.is. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir 22. mars 2012.

- hhs

ÞETTA GERÐIST: 23. JANÚAR 1997

Albright tók sæti í stjórn Clintons

Madeleine Korbelt Albright var sett í embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna þennan dag árið 1997, í stjórn Bills Clinton. Hún varð 64. manneskjan til að gegna því embætti frá upphafi.

Albright var í Prag í Tékkóslóvakíu sem Jana Korbelová árið 1937 en flúði helför nasista ásamt foreldrum sínum. Faðir hennar var sendiherra og hafði því góð sambönd víða um heim. Fjölskyldan flúði fyrst til

Belgrad og síðan London. En Albright flutti til Bandaríkjanna árið 1957 eftir að hún lauk prófi í stjórnmálafræði við háskóla í Denver.

Madeleine Albright talar fjölda tungumála og má þar nefna ensku, frönsku, tékknesku, rússnesku, þýsku og serbó-kroátísku. Hún á þrjár dætur og er fráskilin, en á meðan þær voru litlar lauk Albright við doktorsnámi í opinberri stjórnsýslu frá Columbia-háskóla.



STRÁKAR Kristján Friðjónsson, stofnmeðlimur Félags ábyrgra hundaeigenda, ásamt labradorum sínum sem heitir Strákur E. Fnjóskdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝSTOFNAÐ FÉLAG ÁBYRGRA HUNDAEIGENDA: HUNDAGERÐI Í HVERT HVERFI

Viljum bættu hundamenningu

„Við höfum fundið verulega fyrir því að það er skortur á aðstöðu til hundahalds í borginni. Þessu viljum við breyta,“ segir Kristján Friðjónsson, stofnmeðlimur Félags ábyrgra hundaeigenda, sem sett var á fót í síðustu viku. Markmið félagsins er að vinna að bættum hag hunda og hundaeigenda varðandi aðstöðumál og sérstaklega aðstöðu til lausagöngu hunda. „Vinnuheitið var Hundavinnafélag höfuðborgarsvæðisins, en á stofnfundinum var tekin sú ákvörðun að breyta nafninu því við viljum hag hunda og hundaeigenda sem mestan alls staðar á landinu og fá alla með okkur. Til að byrja með einbeitum við okkur þó fyrst og fremst að höfuðborgarsvæðinu. Ég hef trú á því að félagið reynist þessum hópi öflugur málsvari,“ segir Kristján.

Tildrög félagsins voru þau að nokkrir hundaeigendur fóru að rekast hver á

annan trekk í trekk á Klambratúni, þar sem þeir leyfðu hundunum sínum að hittast og leika sér snemma á morgnana og seint á kvöldin. „Í raun var þetta skipulögð borgaraleg óhlýðni,“ segir Kristján, „en nokkrir í hópnum byrjuðu að þrýsta á að fá hundagerði á Klambratún. Við töluðum meðal annars við Jón Gnarr borgarstjóra og allir voru mjög hlyntir hugmyndinni þar til kom að hverfisráðunum. Þar stöðvaðist málið einhverra hluta vegna og niðurstaðan varð sú að við fengum ekki þetta hundagerði. Við ætlum hins vegar að þrýsta á að fá hundagerði í hvert hverfi á höfuðborgarsvæðinu.“

Kristján segir skort á slíkum svæðum áþreifanlegan. „Á höfuðborgarsvæðinu er okkur bara boðið upp á Geirsnef og Geldinganes þar sem hundar mega vera lausir. Við teljum þetta kjánalegt því við erum alltaf að

miða okkur við löndin í kringum okkur og vestræn samfélög, þar sem hundagerði eru út um allt í öllum borgum. Við viljum líka benda á að þessi bannstefna veldur ákveðnum vítahring, sem verður til þess að hundar á Íslandi eru ekki umhverfisvanir og verða æstari þegar þeir hitta aðra hunda og fólk, sem aftur leiðir til þess að þeir sem eru hræddir við hunda verða enn hræddari. Með bættri hundamenningu teljum við að þetta geti breyst, að hundarnir okkar verði umhverfisvanir og sýni þar af leiðandi lítil viðbrögð við umhverfinu.“

Aðspurður segir Kristján félagið enn í startholunum, en þeir sem hafi áhuga á starfinu geti byrjað á því að setja „like“ við Facebook-síðu félagsins og svo fylgst með nánari tilkynningum um framhaldið.

kjartan@frettabladid.is



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þorbjargar Ólafsdóttur

Skaftahlíð 30, Reykjavík,

Margrét Helgadóttir

Gunnar G. Þorsteinsson

Hörður Helgason

ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.

Bára Björg Oddgeirsdóttir

Dórothea Jóhannsdóttir

ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ágúst Þorsteinsson

Droplaugarstöðum, áður Bergþórugötu 2,

Margrét Ágústsdóttir

Jóhann Ágústsson

Berglind Helgadóttir

Ágúst E. Jóhannsson

og barnabarnabörn.

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Pétur Ottesen



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árne V. Gíslason

fyrirverandi forstjóri,

sem lést hinn 17. janúar verður jarðsettur frá Bústaðakirkju mánudaginn 23. janúar kl 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans látna er bent á líknarstofnanir.

Guðrún B. Steingrimsdóttir

Steinunn K. Árnadóttir

Gíslí Ö. Ólafsson

Gíslí Árnason

Bogi Guðmundur Árnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Guðmundsson

Unnur Úlfarsdóttir

Kristín Rafnsdóttir

Kristín Rafnsdóttir



Okkar ástkæri eiginmaður og faðir,

Þorbjörn Karlsson

prófessor emeritus, Kirkjubraut 6, Seltjarnarnesi,

lést 15. janúar. Hann verður jarðsunninn frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 24. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á FAAS (s.: 533-1088).

Svala Sigurðardóttir

Puríður Þorbjarnardóttir

Bergþóra Sólveig

Þorbjarnardóttir

Helga Þorbjarnardóttir

Hálfdan Ómar Hálfðanarson

Sigurður Júlíus Grétarsson

James Eric Skjelbreia

Lampaskermar úr áli eftir Marc Bell og Robin Grasby urðu í þriðja sæti í keppni ungra hönnuða á húsgagnasýningunni í Köln á dögunum.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Hringas ehf.

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Birkir Atli Einarsson hefur alist upp innan um misskrítin hljóðfæri en æfir sjálfur á venjulegan gítar.

Minnir á Stundina okkar

Þetta er balafónn sem ég held sérstaklega upp á af því að pabbi samdi á það upphafsstef sem Stundin okkar byrjaði alltaf á þegar ég var yngri. Þá voru Birta og Bárður með þáttinn,“ segir hinn tólf ára Birkir Atli Einarsson, nemandi í Vogaskóla og sýnir afrískt ásláttarhljóðfæri sem á sinn stað undir stiganum á heimilinu. „Hér er til fullt af hljóðfærum því foreldrar mínir eru tónlistarfólk,“ útskýrir hann. „Mamma keypti þennan balafón í Kramhúsinu fyrir mörgum árum af mönnum frá Gíneu sem voru þar að kenna á trommur. Hún styrkti söfnun í leiðinni.“

Sjálfur kveðst Birkir æfa á gítar en þegar litlir krakkar komi í heimsókn sé balafónninn dreginn fram. „Allir krakkar elska þetta hljóðfæri,“ segir hann brosandi. „Það er til mynd af mér nokkurra mánaða gömlum, liggjandi á maganum við balafóninn með sleglana á lofti.“

gun@frettabladid.is



Glæsilegar rennibrautir fyrir gler eða timburhurðir.

Útvegum lausnir fyrir skrifstofur og heimili. Glerskilrúm, glerveggjakerfi, felliveggjakerfi, glersturtuskilrúm og hert eða samlímt gler eftir máli.

Ennfremur ýmsar gerðir af festingum fyrir gler

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarnogler.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

VÍSIR



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa



www.svefn.is

20-70%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur
Lök, pífur, hlífðardýnur, sængurverasett og fleira



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Hjá Leiðbeiningastöðinni er veitt ráðgjöf í síma og upplýsingamiðlun um flest það er lýtur að heimilishaldi svo sem: Matreiðslu, bakstri, veisluundirbúningi, mataræði, meðferð matvæla, geymslupoli og hreinlæti við meðhöndlun hráefnis og fullunnar matvöru og meðferð vefjarefna og fleira. Þjónustan er öllum opin, endurgjaldslaust.

leidbeiningastod.is



Hótel Hengill undirgengst nú gagngerar breytingar sem áætlað er að ljúki í sumar. Þar verður boðið upp á heilsutengda þjónustu.

Notaleg heimilisstemning

Heilbrigði, náttúra og heimilisleg stemning verða í fyrirrúmi á HaPP hóteli sem verður opnað í sumar. Hluti starfseminnar er þegar farinn í gang og hefur þegar hlotið góðar undirtektir meðal gesta.

„Markmið er að bæta heilsu og efla lífsgæði gestanna, og ég vona bara svo innilega að því verði vel tekið,“ segir athafnakonan Þórdís Jóna Sigurðardóttir sem stendur fyrir gagngerum breytingum á Hótel Hengli skammt frá Þingvöllum með það fyrir augum að bjóða þar upp á heilsutengda ferðajónustu.



Þórdís Sigurðardóttir

Að sögn Þórdísar stendur til að stækka hótelið um tæplega helming og herbergjum fjölga því úr 24 í 22. Verið er að reisa viðbyggingu austan megin við húsnæðið sem verður opnuð í lok sumars og eftir það kemur hótelið til með að kallast Hótel HaPP. Heitið tengist samnefndu fyrirtæki Þórdísar, Happi, sem leggur áherslu á hollan mat og heilbrigðan lífsstíl og mun starfsemi hótelsins taka mið af því.

„Maturinn verður eins ferskur og hollur og mögulegt er, en þó án þess að hann sé beinlínis hægt að flokka sem lífrænan,“ upplýsir hún og getur þess að í boði verði jafnframt alls konar afþreying sem stuðli að heilbrigði. „Hvort sem það er jóga, slökun, gönguferðir, útreiðartúrar eða köfun í Silfrú. Enda er varla hægt að óska sér fallegri umgjörð heldur en náttúruna hérna, norðurljósin, jarðhitasvæði og elsta þjóðgarðinn okkar, Þingvelli.“

Hönnun viðbyggingar og innréttinga hótelsins verður undir sterkum áhrifum frá náttúrunni. Arki-

tektahjónin Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Þorsteinsson, hjá Minarc, höfðu vatn í öllum sínum myndum að leiðarljósi. Þannig er viðbyggingin hvít eins og snjór, heita potta verður að finna í heilsulind á jarðhæðinni og gott útsýni er yfir Þingvallavatn. Þá mun ný Scintilla-textilvörulína, hvít með damaskvefnaði úr smiðju textíl- og fatahönnuðarins Lindu Bjargar Árnadóttur, prýða hótelið. Scintilla-textillinn er unninn úr lífrænni bómull í takt við umhverfisvæna stefnu HaPPs og hluti af vörunum kemur til með

ad ilma af sjó, sandi og klettum og ilmurinn fer ekki fer úr við þvott.


„Við viljum að upplifunin sé náttúruleg, hrein, fersk og heimilisleg,“ bendir Þórdís á og brosir.

roald@frettabladid.is

Vörur frá Scintilla hafa vakið mikla athygli.



HEILSA



Sölufulltrúar:

Jóna María

jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan

brynjadan@365.is 512 5465

Snorri

snorris@365.is 512 5457

ÚTSALA

Teppi og dúkar
25% afsláttur

Þúsundir fermetra
af flísum með
20 -70% afslætti

Baðherbergisvörur
20 -70% afsláttur



ALFABORG

Skútuvoði 6 • Sími 568 6755

NETVERSLANIR

MÁNUDAGUR 23. JANÚAR 2012

Kynningarblað Innlandar netverslanir, erlendar netverslanir, netverslunarkerfi og tímasparnaður.



Stærsta skó-netverslun landsins

Skor.is veitir nú Íslendingum, sem og öðrum, aðgengi að fjölbreyttu skóúrvali, óháð búsetu, allt árið um kring og á góðum kjörum. Á netversluninni er að finna fjölmörg þekkt og vönduð merki, allt frá vönduðum sportvörumerkjum á borð við Nike, Adidas og Puma upp í Vagabond og Six Mix.

Skor.is er ein stærsta skóverslun landsins þar sem hægt er að kaupa skófatnað á alla fjölskylduna á einu augabragði, hvar og hvenær sem er. Marín Manda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri skor.is, veit allt um málið.

„Við erum með í kringum fjörutíu vönduð vörumerki í skóm og allt að 3.000 „stæla“ og flotta fylgihluti sem taka breytingum yfir árið í takt við strauma og stefnur í tísku,“ útskýrir Marín Manda og segir fjölbreytt vöruúrval sótt í skóverslanir í eigu sömu aðila. „Kaupfélagið, Steinar Waage, Ecco-búðirnar og Toppskórinn og auðvitað Skor.is.“

Sérstaka athygli vekja þau fjölmörgu þekktu skómerki sem bjóðast á síðunni. „Já, hérna fæst raunverulega allt sem hugurinn gírnist, allt frá Six Mix og Ecco upp í sportvörumerki á borð við Nike, Adidas og Puma. Við erum meira að segja með íslensk merki eins og Mörtu Johnson. Og þetta eru skór við öll til efni hvort heldur til hversdagsnota, við hátíðleg tilefni, til íþróttaiðkunar eða annað,“ segir hún.

Og ekki skemmir fyrir sanngjarnt verð og alls kyns krassandi tilboð sem Marín Manda segir einn af mörgum kostum þess að halda úti vefverslun á borð við skor.is. „Yfir-

Marín Manda segir viðskiptavinum Skor.is njóta ýmissa kjara.

MYND/GVA

byggingin er minni en í venjulegum verslunarrekstri og útlagður kostnaður lægri og fyrir vikið getum við boðið skóna á betra verði,“ segir hún en tekur fram að þetta fyrirkomulag komi þó á engan hátt niður á þjónustunni.

„Þvert á móti leggjum við okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu. Til marks um það svörum við e-mail á öllum tímum sólarhringsins. Enda annar plús við viðskipti á netinu sá að hægt er að gefa sér góðan tíma til að skoða úrvalið í ró og næði, eig-

inlega hvar og hvenær sem er, sem sparar manni líka tíma og fyrirhöfn,“ bendir Marín Manda á. „Þetta auðveldar manni lífið!“ Þegar vörukaupin eru frágengin á heimasíðunni ganga hlutirnir fljótt fyrir sig að hennar sögn. „Yfirleitt tekur aðeins á bilinu einn til tvo daga að fá skóna senda heim. Viðkomandi gefur upp farsímanúmer þegar hann gerir kaupin og pósturinn sendir textaskilaboð þegar sendingin fer af stað. Þannig að vörurnar berast með skjótum og öruggum hætti.“

En hvernig snýr viðkomandi sér langi hann til að skila vörum? „Heyrðu, það er nú sáraeinfalt. Hann kíkir þá bara í eina af verslunum okkar og fær annað hvort að skipta eða inneignarnótu. Við tökum vel á móti honum,“ svarar hún og brosir.

Þá segir Marín Manda meðlimi netklúbbs skor.is njóta sérstakra kjara. „Við dekrum alveg við þá, þeir fá reglulega póst með alls kyns spennandi tilboðum, stundum fría heimsendingu, gjafir og fleira, en skráning fer fram á heimasíðunni.“

KAUFERLIÐ Á SKOR.IS

- 1 Þú ferð inn á www.skor.is
- 2 Þar velur þú flokk(barna, dömu eða herra) eða vörumerki sem þú vilt kíkja á.
- 3 Þegar þú hefur fundið skó við hæfi þá smellir þú á lit, stærð og bláa kaupa hnappinn fyrir neðan. Skórnir færast þá í bláu körfuna að ofan til hægri.
- 4 Smellir á körfuna en þar er hægt að eyða eða bæta við þörum eins og þú óskar eftir. Smellir svo á „Ganga frá pöntun“ hnappinn.
- 5 Velur hvort þú vilt greiða með millifærslu, korti eða gjafakorti og fyllir út persónuupplýsingar.
- 6 Þegar þú hefur gengið frá greiðslu færðu skóna senda heim til þín innan 1-2ja daga nema pöntun sé gerð yfir helgi.
- 7 Greiðsla með millifærslu þarf að berast innan 12 tíma annars eyðist pöntunin.
- 8 Pósturinn keyrir út pakkana á milli 16-22 á virkum dögum, og sendir þér sms þegar hann er á leiðinni.
- 9 Passi skórnir ekki er þér velkomið að skila þeim í allar okkar verslanir.
- 10 Við bjóðum þér upp á 14 daga skila- og endurgreiðslufrest.

Skór.is NÝ SKÓBÚÐ Á NETINU



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

skór.is

Kaupfélagið

ECCO

- Opið allan sólarhringinn
- 14 daga endurgreiðslufrestur
- Gjafakort
- Tökum á móti kortum og millifærslum

www.skor.is

Netverslun á enn eftir að aukast

Á síðustu árum hefur orðið bylting í netverslun á Íslandi og sífellt fleiri fyrirtæki hafa sett upp netverslanir á vefsíðum sínum. Vefsíðufyrirtækið **Allra Átta** býður fullkomin netverslunarkerfi sem nýta nýjustu tækni og leggur áherslu á öryggi, notendavænt viðmót og góðar tengingar.

Víð höfum fundið fyrir miklum uppgangi í netverslun á undanförunum árum og nú er svo komið að um helmingur okkar starfsemi snýst um að hanna og sinna netverslunum,“ segir Jón Trausti Snorrason, framkvæmdastjóri vefsíðufyrirtækisins Allra Átta. Fyrirtækið býður upp á fullkomin netverslunarkerfi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Þar geta stjórnendur vefsins uppfært upplýsingar, sett inn tilboð og breytingar, svo nokkuð sé nefnt, heima eða að heiman. Þeir geta jafnframt fylgst með birgðastöðu, sölu og öðrum helstu upplýsingum. „Ein sérstæða okkar kerfis er sú að það er tilbúið fyrir utanlandsmarkað auk þess sem við bjóðum upp á ýmsar tengingar til dæmis við Póstinn, aðra flutningsaðila og ýmis bókhaldskerfi,“ lýsir Jón Trausti.

Leitarvélbestun nauðsynleg

Til að netverslun starfi vel er nauðsynlegt að undirbúningurinn sé sem bestur. Þar spilar góð leitarvélbestun lykilhlutverk. „Við erum með sérdeild sem sérhæfir sig í leitarvélbestun. Slíkt er lykilatriði fyrir netverslun því það eykur líkurnar á því að verslunin komi upp við leit á Google eða öðrum leitarvélum. Með góðri leitarvélbestun er hægt að spara talsverðan pening í auglýsingar og aðra markaðs-



Björn Jóhannsson, markaðsstjóri Allra Átta, og Jón Trausti Snorrason framkvæmdastjóri ráða ráðum sínum.

MYND/GVA

setningu,“ segir Björn Jóhannsson markaðsstjóri og bendir á að þetta eigi sérstaklega við um netverslanir sem vilji hasla sér völl á alþjóðlegum markaði. Hann bendir enn fremur á að það sé oft fyrsta skref fyrirtækja út á alheimsmarkaðinn að stofna netverslun.

Góð ráð fagmanna

Allra Átta var stofnað árið 2004 og

verður því átta ára á þessu ári. Þar starfa ellefu starfsmenn með völdtækta menntun og reynslu. Allra Átta er með starfsemi í fimm löndum og hefur frá stofnun unnið með um 800 fyrirtækjum. Sem dæmi um vel heppnaðar netverslanir sem Allra Átta hefur hannað má nefna Cintamani.is, sem selur vörur héraðs og erlendis, dyraber.is, hreysti.is og shape.is. Starfs-

menn Allra Átta aðstoða viðskiptavinina sína við stefnumótun og samkeppnisgreiningu. Þá veita þeir einnig góð ráð varðandi þarfir fyrirtækjanna því eins og Jón Trausti bendir á þá eiga ekki öll viðskipti heima í netverslun. „Stundum er betra að nota vörumerki og þá bendum við á það. Við viljum selja fólki réttu lausnina,“ segir hann og bendir á að auðvelt sé að koma á kyn-

ingarfundi til dæmis með því að ýta á „grænan“ hnapp á heimasíðunni www.8.is. „Það er regla hjá fyrirtækinu að svara öllum fyrirspurnum innan sólarhrings,“ segir Jón Trausti. „og við vinnum eftir gildunum okkar „traust, sköpun og gleði“ og viljum að viðskiptavinir upplifi þau með okkur.“

Öryggið á oddinn

Öryggismál eru fólki hugleikin þegar það verslar á netinu. Allra Átta leggur áherslu á öryggismál og er í samstarfi við SKÝRRR með allar hýsingar. „Svo er mikilvægt að vefirnir séu dulkóðaðir,“ segir Björn og bendir á að fyrirtækið sé í samstarfi við Valitor, Korta.is og Borgun sem vinni að því að auka öryggi og ávallt sé verið að prófa nýjar leiðir í þeim efnum.

Komnar til að vera

Jón Trausti telur ljóst að netverslunum eigi eftir að fjölga verulega á næstunni. „Almenningur hefur kveikt á hagræðinu í því að versla á netinu og fyrirtæki sjá að það getur verið hagstæðara að opna verslun á netinu heldur en til dæmis á Laugaveginum,“ segir Jón Trausti og bendir á að starfsmannakostnaður og húsnæðiskostnaður sé mun minni auk þess sem fólk geti verslað hvenær sem er sólarhringsins.

Þeim sem vilja kynna sér starfsemi Allra Átta nánar eða panta fund er bent á vefsíðuna www.8.is.

Freistandi útsölur árið um kring

Það hrífast margir af því að versla í Bandaríkjunum. Á þeim risastóra markaði er úrval og verðlag engu líkt og einstök upplifun öllum sem kynnast. Það þarf ekki að fara vestur um haf til að njóta dýrðarinnar; það er hægt að versla gegnum netið og fá vöruna senda heim að dyrum.

ShopUSA sérhæfir sig í netverslun frá Bandaríkjunum. Fyrirtækið verður tíu ára á næsta ári og starfar nú í sex löndum: á Íslandi, Írlandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Ástralíu.

Signý Sigurðardóttir er rekstrarstjóri ShopUSA á Íslandi. Hún segir fyrirtækið standa traustum fótum og stefna ótrautt að því að festa sig enn frekar í sessi.

Bandaríkjamenn eru sérfræðingar í markaðssetningu.

„Það er heilmikil lífsreynsla að kynnast þessum markaði,“ segir Signý. „Ég lít á mig sem sérfræðing um vöruviðskipti á milli landa en vissi lítið um neytendamarkaðinn og enn minna um netverslun þegar ég byrjaði. Að fylgjast með markaðssetningu bandarískra netverslana er afar lærdómsríkt. Þróun á þeim markaði er og hefur verið gríðarleg á undanförunum árum, en þetta er heimur sem ég vissi hreinlega ekki að væri til,“ segir Signý og hlær.

„Brjálæðið í kringum þakkargjörðarhátíðina var mikil upplifun. Tilboð streymdu inn frá stærstu verslunum Bandaríkjanna og samkeppnin var gríðarleg. Að vera neytandi í þeirri virku samkeppni er óneitanlega góður kostur, og það án þess að þurfa að standa í biðröðum við verslanir, en geta í staðinn setið í rólegheitum hér á Íslandi og notið þessa alls heima í stofu.“

Signý segir Íslendinga geta gert reyfarakaup á bandarískum útsölum árið um kring.

„Bandaríkjamenn eru sérfræðingar í markaðssetningu og leyfa neytendum sannarlega að njóta þess. Spennandi tilboð eru sífellt í gangi og það eina sem þarf að muna er vefslóð leitarvéla, eins og til dæmis www.froogle.com. Í leitarvélina er sett inn nafn vöru eða vörumerkis sem óskað er eftir og upp koma ótal vefsíður með ótæmendi verðmöguleikum. Það getur virkað eilítið flókið til að byrja með en lærist fljótt og verður einfaldara en að fara í búðina með tímanum,“ útskýrir Signý.

Spurð hvaða vörur Íslendingar kaupa helst í gegnum ShopUSA segir Signý það vera allt milli himins og jarðar.

„Fatnaður og bílavarahlutir eru langstærstu vöruflokkarnir, en líka allt þar á milli. Dæmi um vörur sem hafa vakið athygli mína og eru ekki á vegi manns dags daglega eru sláttutraktorar, snjóblásarar og golfbílur, sem fást að sjálf-sögðu í Bandaríkjunum eins og ótal margt annað.“

Signý segir vetrarútsölur standa nú yfir á ShopUSA og engan skort á góðum tilboðum.

„Finni maður ekki strax það sem leitað er að, þýðir það ekki að varan sé ófáanleg. Maður getur fundið nánast allt sem mann vantar á hagstæðu verði á netinu vestra. Eina veganestið sem þarf er þolinmæði til að læra hvernig þetta virkar.“

Sjá nánar á www.shopusa.is.



Signý Sigurðardóttir er rekstrarstjóri Shop USA á Íslandi. Hún segir ávallt hægt að gera reyfarakaup og finna ótrúlegustu hluti í stærstu verslunum Bandaríkjanna á netinu.

MYND/GVA

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen
Sölufturur
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufturur
Sími 892 1931



Eggert Maríusson
Sölufturur
Sími 690 1472



Friðbert Bragason
Sölufturur
Sími 820 6022

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.

RE/MAX Senter



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufturur RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufturur RE/MAX Senter

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmöt fasteigna.
Pendo.is – 588 1200



Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús og sólskáli.

Einbýli á Flötunum

Fasteignasalan TORG kynnir í einkasölu einbýlishús með góðum bílskúr á Flötunum í Garðabæ.

Húsið er alls 194,6 fm hús og þar af er bílskúrin 45,6 fm. Fjögur herbergi eru í húsinu, stofa, borðstofa, gott eldhús og sólskáli. Auk þess er 40-50 fm óskráður kjallari. Kominn er tími á viðhald.

Komið er inn í forstofurými á milli bílskúrs og hússins. Inn af

er gestasalarni. Í eldhúsi er eldhúsinnrétting sem sérsmíðuð var árið 1985. Inn af eldhúsi er búr.

Stofa og borðstofa eru eitt rými með útgengi út í sólskála sem er um 16 fm að stærð.

Þrjú svefnherbergi eru á jarðhæð og eitt í kjallara sem er ekki inni í skráðum fermetrum. Í dag er eitt herbergi notað sem sjónvarpsherbergi.

Hjónaherbergið er rúmgott með góðum innfelldum fataskáp. Herbergi í kjallara er stórt og með ágætis gluggum. Einnig er

í kjallara rými sem í dag er nýtt undir geymslu og hefur aldrei verið full standsett. Baðherbergi er stórt og gott með góðum glugga.

Húsið var allt málað að utan vorið 2011. Þak var lagfært fyrir nokkrum árum og nýtt parket var lagt á aðalrými hússins, gang og sjónvarpsherbergi. Húsið er með lofthita í gólfi en búið er að endurnýja element (2010) og einnig var nýr mótur settur (2010) í miðstöðina. Garður er í góðri rækt og fallegur.



heimili FASTEIGNASALA



Bogi Molby Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþórunn Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufturur og lögg. leigumíðlari.



Tryggvi Kornelíusson
sölufturur



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

530 6500

Skipholti 29a
Opíð mán. – fös. frá kl. 9-17
www.heimili.is



Laugarnesvegur - 2ja herb
Vönduð 87 fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er á 4. hæð með flisalagðar yfirbyggðar suðaustur svalir. Sérningangur er af svölum og meðfylgandi stæði í bílskily.



Gvendargeisli - 3ja herb jarðhæð
Vönduð rúmgóð 120 fm íbúð á jarðhæð með sérgarði. Stæði í bílskily, afgirtur sólpallur, vandaðar innréttingar og gólfefni. Möguleg skipti á stærri eign.




Fannafold 93 - einbýli á einni hæð.
Femin.is er netverslun með um sex þúsund sérvaldar vörutegundir fyrir konur. Þar má nefna heilsu- og snyrtivörur, vörur fyrir verðandi mæður og börn, unaðsvörur ástálfsins og heimilsvörur, meðal annars íslenska hönnun.

Við höfum aukið mikið vöruúrvalið á undanförunum mánuðum, meðal annars bætt við íslenski hönnun,“ segir Íris Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri femin.is. Hún segir vefinn fyrst og fremst netverslun með sérvaldar vörur fyrir konur. „Við höfum alltaf skilgreint okkur sem femin – fyrir allar konur – þó auðvitað séum við líka með ýmislegt fyrir karlmenn, vörur sem konurnar geta gefið körlum og ekki síður vörur sem karlar geta gefið konum.“

Í netverslun femin.is eru um sex þúsund vörutegundir, að sögn Írisar. Það eru heilsu- og snyrtivörur, vörur fyrir verðandi mæður og börn, ýmsar vörur sem bæta útlit, vellíðan og lífsgæði kvenna sem og unaðssvörur ástálfsins. „Einnig er mikið úrval af gjafavörum og vörum fyrir heimilið, þar á meðal eftir íslenska hönnuði,“ bendir hún á.

Talsvert er af tímalausum greinum á femin.is, um málefni sem höfða til fólks í daglegu lífi. „Við skrifum þær sjálfar og höfum líka verið með pistlahöfunda,“ segir Íris

Íris stofnaði femin.is fyrir ellefu árum í félagi við aðra. Nú rekur hún fyrirtækið ásamt Sigurlaugu Gissurardóttur sem hefur starfað þar í átta ár.

„Það er heilmikið að gera hjá okkur tveimur en það er alltaf gaman hjá okkur í vinnunni,“ segir Íris. „Viðskiptavinurinn er og verður alltaf í fyrsta sæti og við göngum báðar í öll verk. Það gekk ekki að skipta fyrirtækinu upp í fjármáladeild, söludeild, lager og bókhaldsdeild,“ bætir hún við hlæjandi og kveðst stundum fara með tölvuna upp í rúm á kvöldin.

Netverslun er alltaf að aukast að mati Írisar og hún segir viðskiptavinahóp femin.is skiptast nokkuð jafnt á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. „Fólk úr næsta nágrenni pantar vörur af vefnum því tíminn er svo dýrmætur og svo er bensínlítrinn alltaf að hækka í verði. Kauphegðun fólks hefur líka breyst mikið undanfarna ár. Fólk er svo mikið að vafra á netinu í þægilegheitum í sínu umhverfi. Í raun hefst kaupferlið þar. Það eru allir með tölvur, bæði í vinnunni og heima og með tilkomu net-símanna eru svona vefverslanir líka orðnar aðgengilegar alls staðar. Við njótum góðs af því.“

Femin.is endurnýjaði heimasíðuna í júní á síðasta ári og þar er mikil áhersla lögð á myndgæði. „Það liggur við að fólk geti snert vöruna,“ segir Íris glaðlega. Hún segir um 20 þúsund konur á póstlista hjá fyrirtækinu. Þær fá reglulega upplýsingar um nýjar vörur og nýja pistla.

Greiðsla fyrir vörur af femin.is fara fram með millifærslu eða með greiðslukorti. „Fólk borgar um leið og það pantar og afgreiðslufrestur er að jafnaði einn til þrjú dagar,“ segir Íris og getur



Sigurlaug Gissurardóttir og Íris Gunnarsdóttir eru eigendur femin.is og ganga báðar í öll verk.

MYND/GVA

þess að sendingarkostnaður sé felldur niður nú í janúar og vonandi geti fólk nýtt sér það. „Við gefum líka verðandi mæðrum barnabox sem

þær sækja um á femin.is,“ segir hún.

Spurð hvort hún vilji segja eitthvað að lokum svarar Íris. „Netið er framtíðin!“



WELEDA-HÚÐVÖRUR

Weleda eru náttúrulegar og lífrænar húðvörur sem hafa vertið á markaði síðan 1921. Vörurnar innihalda andoxunarefni sem auka teygjanleika og styrk húðarinnar enda unnar meðal annars úr granateplafræjum sem styrkja og þétta húðina. Í þeim finnast engar jarðolíur, né gervilmur, litar- eða rotvarnarefni.



Skoðið weleda.is og femin.is

KONJAK

Bestu fréttir 2012 fyrir fólk sem vill losna við aukakílóin!

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg. Sérfræðingar Evrópu-sambandsins hafa viðurkennt KONJAK sem fæðubótarefni sem raunverulega flýtir fyrir þyngdartapi. Fæst á femin.is.

WHITE KISS TANNHVÍTTUNARSETT

Fáðu hvítari tennur með

hjálp White Kiss og brostu allan hringinn!

Settið inniheldur tvo góma,

tvær túpur af hvíttunarefni og

White Kiss tannkrem.

White kiss er vin-

sælastasta tannhvíttunarefnið á Íslandi.

Fæst á femin.is



STINNARI OG FALLEGRI VARIR

Ný snyrtivörulína frá Max Factor samanstendur af Ageless Elixir-andlitsfarða, Elixir-varalitum og varabljöntum. Farðinn er ofnæmisprófaður og olíulaus og inniheldur serum sem vinnur gegn ótímabærri öldrun húðarinnar. Formúlan virkar á þrjá vegu: hún minnkar fínar línur, dregur úr baugum og öldrunarblettum og gefur húðinni aukinn ljóma.

Varalitirnir innihalda andoxunarefni sem næra varinnar og gefa þeim raka. Því gefa þeir stinnari og fallegri varir á aðeins sjö dögum! Þeir eru til í 18 litum. Elixir-varabljóantarnir eru sérstaklega mjúkir og móta vel varumgjörðina. Þeir fást í átta litum.



NÝ AÐHALDSLÍNA FRÁ OROBLU

Wellness Box er ný aðhaldslína frá Oroblu, ítalska sokkabuxnarísanum sem er snillingur í að hámarka fegurð hvernar konu. Wellness Box aðhaldsfatnaður betrubætir vöxt kvenna án þvingunar, hjálpar þeim að móta erfið svæði líkamans og veitir þeim vellíðunartilfinningu. Grennir og mótar mitti, barm, mjaðmir, læri og rass á fullkominn hátt.

Ýmsar útfærslur eru í boði af aðhaldsfatnaðinum, eftir því hvaða svæði þarf að móta og grenna. Þar eru til dæmis kjóll, bolur, nærbuxur, boxer, háir boxerar sem ná alveg upp að brjóstahaldara, sokkabuxur sem ná einnig alveg upp að brjóstahaldara og meðgöngusokkabuxur með stuðningsbelti. Þetta er saumlaus undirfatnaður sem er ofinn úr stífum og sterkum þráðum, eftir nýjustu tækni. Frábær undirfatnaður sem við getum notað við hvaða tilefni til að láta vöxt okkar njóta sín enn betur. Skoðuðu alla línuna hjá femin.is



VELLÍÐAN OG BETRA ÚTLIT

Hinar íslensku húðvörur frá Sif Cosmetics fást á femin.is. Þær veita heilbriggt og frísklegt útlit, eru rakagefandi og græðandi og vinna gegn öldrun húðarinnar. Þær eru þróaðar á vísindalegum grunni og innihalda EGF-frumuvakann sem stuðlar að endurnýjun húðfrumna enda hafa þær slegið í gegn.

Dr. Ronald Moy, formaður bandarísku húðlæknasamtakanna, segir árangur af notkun EGF-húðdropanna frá Sif Cosmetics betri en hann hefur áður séð á 30 ára ferli.



Sniðugar gjafir fyrir öll tækifæri

Gjafabúðin (www.gjafabudin.is) og Óskaskrín (www.oskaskrin.is) eru ný af nálinni hérlendis en hafa svo sannarlega slegið í gegn, enda er þar vandi margra leystur þegar kemur að gjafavali.

Við opnuðum hvort tveggja í nóvember og Íslendingar virtust strax hrífast af vörunum okkar sem eru að mestu gjafavara,“ segir Ásdís Arnbjörnsdóttir einn eigenda verslananna. En ekkert er nýtt undir sólinni segir Ásdís og brosir. „Bæði Óskaskrín og Gjafabúðin byggjast á erlendum fyrirmyndum sem hafa slegið í gegn um allan heim.“

„Það er margt líkt með verslunum en líka ólíkt,“ segir Ásdís. „Á www.gjafabudin.is eru margar skemmtilegar vörur sem fást ekki annars staðar og það er mikill húmor í mörgum þeirra. Allir kannast við hversu erfitt getur verið að finna gjöf við hæfi en við hjálpum viðskiptavininum við það. Á síðunni eru tilefni flokkuð í fjölmarga flokka eins og afmælisgjafir, sængurgjafir, tækifærisgjafir, konudagsgjafir og útskriftir svo fátt eitt sé nefnt. „Mörgum finnst þetta mjög hjálplegt. Við bjóðum einnig upp á fría heimsendingu samdægurs á höfuðborgarsvæðinu ef ákveðinni upphæð er náð og kann fólk vel að meta það.“

Óskaskrín hefur svo heldur betur slegið í gegn. „Þetta er gjafavara þar sem viðtakandinn fær fallega gjafaöskju í vissu þema sem eru allt frá dekri, rómantík, adrenalíni og yfir í kúltúr og gourmet. Í gjafaöskjunni er gjafakort ásamt fallegri handbók þar sem viðtakandinn getur valið mismunandi valkosti í hverju þema. Þetta er frábær stórafmælisgjöf, brúðkaupsgjöf eða gjöf til þeirra sem erfitt er að finna hentugar gjafir fyrir. Óskaskrínin fást á vefnum okkar, www.oskaskrin.is, en einnig í Eymundsson og fleiri völdum sölustöðum.“

Ásdís segir að viðskiptavinir þurfi ekki að hafa áhyggjur af komandi konudegi eða Valentínusardegi svo eitthvað sé nefnt. „Við erum að þróa ný Óskaskrín og Gjafabúðin er um þessar mundir að fyllast enn frekar af vörum sem henta við öll tækifæri. Endilega kikið við.“



Þær Ásdís Arnbjörnsdóttir og Sigrún H. Einarsdóttir standa vaktina í verslunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HÚMOR OG HEIMSENDING

Gjafabúðin býður skemmtilegar og sniðugar vörur þar sem áherslan er á vandaða hönnun, húmor, nýstárlegheit og mjög gott verð í bland við frábæra þjónustu, þar á meðal fría heimsendingu samdægurs á höfuðborgarsvæðinu.



FRÁBÆR UMMÆLI

Ummæli frá viðskiptavini: „Þakka kærlega fyrir mig! Frábærlega skemmtilegar vörur og ég var sérstaklega ánægð með verðið. Fékk þakkað svo beint heim innan nokkurra klukkutíma frá því að ég pantaði!“



ÁVÍSUN Á UPPLIFUN

Óskaskrín er byggt á erlendra fyrirmynd sem hefur slegið í gegn um allan heim. Óskaskrínin snúast um að gefa upplifanir og skemmtilega reynslu í staðinn fyrir dýra hluti sem nýtast illa.





Fremst á myndinni er leikfangastóll eftir Doshi Levian sem hann hannaði fyrir Richard Lampert.



Skemmtilegir stólar af sýningu LG hi-Macs.

MYNDIR/KOELNmesse



Rauður netastóll eftir filippseyska iðnhönnuðinn Kenneth Cobonpue.



Stóll eftir hönnuðinn Éléonore Nale fyrir Ligne Roset.



Stóllinn Niels frá Huges Klein Design.

Hönnun úr samtímanum

Imm Cologne er heiti alþjóðlegrar húsgagnasýningar sem haldin er á messusvæðinu í Köln í Þýskalandi. Sýningin er haldin árlega í janúar og er þar að finna allt það nýjasta frá húsgagnageiranum.

Á Imm Cologne (Internationale Möbelmesse) er lögð áhersla á samtímahönnun í húsgögnum og innanhúshönnun. Þar eru einnig sýndir munir úr frumlegum efnum og vefnaði auk þess nýjasta í ljóshönnun.

Auk Salone del Mobile í Milánó er Imm Cologne álitin ein helsta markaðssamkoman fyrir húsgagnaiðnaðinn. Þar koma saman húsgagnahönnuðir, húsgagnaframleiðendur, smásalar, arkitektar og innanhúshönnuðir.

Sýningin var haldin í fyrsta sinn árið 1949. Frá árinu 1990 hefur Kölnarborg staðið fyrir ýmsum upptökum í borginni sem tengjast sýningunni.

-sg



Hjálp náttúrunnar við aukakílóum



KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu.

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnað að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddu tilfinningu.

Notkun: 2 töflur með stóru vatnsglasi hálf tíma fyrir 3 stærstu máltíðir dagsins.

Frekari upplýsingar www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stómarkaða og á www.femin.is

Hollusta!

Rétt næring eykur andlegan og líkamlegan styrk og stuðlar að betri heilsu.



FK FJARDARKAUP **netto** **1011** **Samkaup**

Aðrir sölustaðir: Inspired í Flugstöðinni, Krumbúðin, Skeljungsbúðirnar, Olls, N1, Kaupfélag V-Húrvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Fiskbúðin Freyja, Bláa lónið, Hreyfing, Kostur Keflavík, Melabúðin.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. 8-17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8-17

BÍLAR & FARATÆKI



ALLT AÐ 100 % LÁN MÖGULEGT.
NISSAN PRIMERA. Árgærd 2002, ekinn 149.þ km bensín, 5 girar. Verð 690.000. Rnr.124858. S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



TILBOÐ 590.000.-
CITROEN BERLINGO SX 5 MANNA. Árgærd 2005, ekinn 133.þ km, 5 girar. Verð áður 790.000.- Tilboð 590.000.- Rnr.311302. S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



Sýningarbíll hjá Toyota! Toyota Landcr 200 VX DIESEL nyskr 09/2009 fór á götuna 09/2010 ek 30 þ.km 7 manna vel um genginn og flottur jeppi verð 13.9 mil

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



LEXUS Rx300. Árgærd 2000, ekinn 195 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.280 fallægur og vel með farinn bíll. Rnr.217684.

Nýja bilahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



TOYOTA Land Cruiser 120 GX.6/2008, 79þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkúla, húddhlíf, húddmerki. Verð 6.590.000. Ath skipti á ód. Rnr.121496.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX 8 manna 33". 6/2006, 115þ.km, dísel, sjálfskiptur, leðurinnrétting, dráttarkrókur. Verð 5.590.000. Ath skipti á ódýrari. Rnr.116455.



TOYOTA Land Cruiser 150. 12/2010, 22þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.690.000. Ath skipti á ódýrari. Rnr.121626.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX.6/2010, 51þ.km, dísel, sjálfskiptur, húddhlíf, húddmerki, dráttarkrókur. Verð 8.690.000. Ath skipti á ódýrari. Rnr.121565.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX 35". 1/2005, 143þ.km, dísel, sjálfskiptur, Webasto, leðurinnrétting, topplúga, vindskeld. Verð 4.950.000. Ath skipti á ódýrari. Rnr.115631.



LEXUS Rx400 Hybrid Luxury. 11/2006, 33þ.km, sjálfskiptur, ljóst leður. Verð 5.900.000. Ath skipti á ódýrari Rnr.207047.



NISSAN Navara 4wd d/c SE. 7/2009, ekinn 32þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur, sumarvetrardekk. Ásett verð 4.480.000/Tilboðsverð 3.980.000. Rnr.115819.



BMW X5 3.0 tdi. 8/2007, ekinn 60þ.km, dísel, sjálfskiptur, leðurinnrétting, dráttarkrókur, sumarvetrardekk. Ásett verð 7.390.000 / Tilboðsverð 6.680.000. Rnr.116288.



TOYOTA Land Cruiser 200 VX. 1/2008, ekinn 67 þ.km, dísel, sjálfskiptur, Navi, leður, 7manna, topplúga, dráttarkrókur, húddmerki, krómlistar. Verð 11.490.000. Rnr.115748.

Toyota Akureyri
Baldursnes 1 Akureyri
Sími: 460 4300
Opíð virka daga 9-18,




TOYOTA Land Cruiser 200 VX DÍSEL 35". Árgl/2008, ek 28 þ.km, sjálfsk, Með öllum aukahlutum, DVD, Bakkmyndavél ofl, Stórglæsilegur bíll, Ótrúlegt verð 12.000þ.kr Staðgreitt, Rnr.192153. Er í salnum hjá okkur,



Skráðu bíllinn frítt hjá okkur!! Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



NISSAN TERRANO árg'98 ekinn 180þús, nyskr'13, góð dekk, verð 690 ný 490. fyrstur kemur fyrstur fær. 7726107



Fullkonnara metan kerfi
Betra METAN
Breyttu þínum bíl
Sjá sparnað á islandus.is
www.islandus.is - Sími 552 2000


50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Þjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. islandus.is - S.5522000.



Til sölu Toyota Avensis 1.8 Sol árg. '07./2005 ekinn 92.000 km Mjög góður bíll, álfelgur, verð 1.690.000- Toyota Reykjanesbæ 420-6600.

BMW sjálfskipting
Vantar sjálfskiptingu fyrir BMW E-39 dody, árg 1999 No 5HP19 uppl. í s. 8982862.

500-999 þús.



Pajero Diesel!!!!!!
MMC Pajero 2.8 diesel árgærd 1997 ekinn 315 þ km vinrauður sjálfskiptur, 7 manna, krókur, rafmagn í rúðum, mikið yfirfarinn, nýtt hedd ofl verð 449.000 stgr upplí síma 861-7600 möguleiki á 100% visa raðgreiðslum

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Jeppar

Toyota LandCruiser VX 2003 bensín, 8 manna, ekinn 134þ. Dráttarkúla, bakkskynjarar. Topp eintak. Aðeins 2.350þ staðgr. Engin skipti. S. 8624884

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar

Seltjarnarnes og Vesturbær
3. - 4. herb. íbúð óskast á leigu á Seltjarnarnesi eða í Vesturbænum. Uppl. í síma 694 8717.

Lyftarar



Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is



Körfubílaeigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar.

S. 893 3573.

Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðuðu heimasiðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

SAFIR
SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

Varahlutir



NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR NIÐRIRFÁ
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is



Bilapartasalan
Bíllutur
Koplafranski 14 • 220 Hafnarfirðir
Sími: 555 4940 • www.billutur.is
Séðum okkur VW - SKODA varahlutum Kaupum nýlega bíla til niðurrifis

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

GS Varahlutir
Sími 567-6744

Bremsu- og stýrihlutir í flestar gerðir bíla. Þöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabriel dempurum á lager. Bildshöfða 14, 110 Rvk.

Varahlutavaktin
Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifis og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 Rvk. Opíð 09-18 og lau. 10-14.

Japanskar vélar
Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smíðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifis. sími 661 5270.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg.is 565-6020.

Viðgerðir

Bilaviðgerðir

Tek að mér að lagfæra bíla og fara með í skoðun. Uppl. í s. 893 3475.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglerðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípuagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þríf&Hreinlæti S. 662

Hreingerningar, Flutningsþríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald


Rekstraraðilar, húsfél, einstaklingar. Bókhald, laun, vsk, framtöl ofl. Ódýr og góð þjónusta. bokhjalp@internet.is - sími 840 5767.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. ofl. Extra stór bill. Flutningaþj. Miklaes. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald



PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald


Kjarnagluggar
Selhelli 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald eht, annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningavinnu • trésmíðavinnu • pípuagnir • raflagnir
• flisalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is



Smíðum eftir máli

Hurðir & Gluggar
www.hurdirogluggar.is
Koplafranski 17 • Hafnarfirði
S:565 4123 • eljo@internet.is

Óli smíður

Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla & vönduð vinnubrögð. Óli smíður 698 9608.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 896-5778.

Tölvur

omn!s
tölvuhjálpi!

Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr. Ökeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

Nudd

Slökunar nudd, Reykjavík 101, 857 0740.

Spádómar

Hanna s. 555 2927

Spá Draumar Fyrirbæinir

tek einnig í einkatíma

PÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDILL

-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÜLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

Spásíminn 908 5666
Stjórnsþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpi. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nylögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

RAFVIKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Trésmíði

Eldri, reyndur trésmíður. Sanngjarnt fast verð eða tímavinna. 659 5648 Stefán Ragnar

Viðgerðir

Gleraugna-viðgerðir

Títan, stál, plast og fleira

Sjonarholl.is S:565-5970

Önnur þjónusta



Er háлка?

Við eyðum háلكu Íslenska Gámafélagið býður uppá háلكueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana.

Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is

S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

Ódýrt blek og tóner

Í alla prentara Opió Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga

Prentvörur
Sími 553 4000

VIÐGERÐ VERKSTÆÐI

Viðgerðarþjónusta á kalli- og frysttækjum

Þjónustudeild
Viðgerðarþjónusta Verkstæði - Varahlutir.

VERSLUNARTÆKNI
Draughóli 4 - 110 Reykjavík
Pöntunarsími: 535 1300
www.verslun.is

Ódýr heimilstæk
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja.

Sigga & Tímo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldveiri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáði góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Sjónvarp

Sjónvarps/vídeovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is

Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

bathmate

Bathmate er nú með €vottun!

Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!

Pantana & upplýsingasími 849 0698
www.bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Sjálfstæðir dreifingaraðilar Forever Living Products.

Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímabantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

HEILSA - NUDD

Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAADGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is

MFM MIÐSTÖÐIN

Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfikna og áhraskana

Er matur og þyngd vandamál! Sími 568-3868 www.matarfikn.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

GÍTARNÁMSKEIÐ

Fyrir byrjendur & fleiri. Unglingar & eldri. Konur & karlar. Prufutími & Einkatímar.

S: 562-4033 866-7335.
Hljómar undir söng

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæst af gömlum húsgögnum, hurðum o.fl. S. 897 5484/3327.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.

Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Umboðsaðilar óskast í öllum landshlutum.

Starfið felst í því að aðstoða fólk við skemmtilega MLM markaðssetningu á þýskum hágæða heilsu og snyrtivörum. Möguleiki er að vinna starfið eingöngu heima sé netting til staðar.

Menntun skiptir ekki máli. Mjög góðar tekjur og ýmis fríðindi í boði fyrir rétta aðila.

LR Health & Beauty System, Stærsta MLM fyrirtæki í evrópu.

Uppl. Kiddi.lr@gmail.com

Bókari óskast til að færa daglegann rekstur í DK. Verður að vera hress, þola stress og vera síðastur til að segja bless. Ahugasamir sendi umssókn á valdimargeir@gmail.com

Atvinna óskast

45 ára iðnaðarmaður óskar eftir starfi Uppl. Kristinn 6978694 eða kiddi66@gmail.com

TILKYNNINGAR

Einkamál

Mugison, hafðu samband. Hrutinum er kalt á eyrunum. s.8493230

Námskeið

Naglaskóli Neglur og list

Boðið er uppá námskeið í naglaásetningu. Námskeiðið hefst 30. janúar. Kennari Rósa Björk Hauksdóttir - margfaldur Íslandsmeistari. Verð 185.000 kr, innifalið er startpakki með öllu.

Innritun hafin á negluroglist.is og í s. 553 4420.

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. skák, 6. einnig, 8. skordýr, 9. samstæða, 11. samanburðartenging, 12. rými, 14. gnægð, 16. nafnorð, 17. drulla, 18. hrópa, 20. eldsneyti, 21. skrifa.

LÓÐRÉTT

1. dægurlagátónlist, 3. frá, 4. fjölmörgum, 5. hylur, 7. æringi, 10. hafið, 13. sólunda, 15. traðkaði, 16. nálægt, 19. ólæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. taffi, 6. og, 8. fíó, 9. par, 11. en, 12. pláss, 14. gnútt, 16. no, 17. aur, 18. æpa, 20. mó, 21. rita.
LÓÐRÉTT: 1. poppr, 3. af, 4. flestum, 5. lón, 7. galgop, 10. rán, 13. sóa, 15. tróð, 16. nær, 19. at.

Heitstrenging Jay-Z

BAKÞANKAR
Gerðar
Kristnýjar

Í síðustu viku bárust þau tíðindi um heimsbyggðina að bandaríski rapparinn Jay-Z hefði svarið þess dýran eidd að hætta að kalla konur „tíkur“. Ástæðan fyrir þessari róttæku viðhorfsbreytingu var sú að honum og eiginkonu hans, söngkonunni Beyoncé, varð dóttur auðið. Ábyrgðarkenndin sem hvolfdist yfir kappann þegar snótin, sem gefið var nafnið Blue Ivy Carter, kom í heiminn hafði víst þessar gleðilegu afleiðingar. Samkvæmt frétt Vísisvefsins af heitstrengingu Jay-Z settist hann niður og orti ljód í tilefni fæðingarinnar þar sem hann heitir því að bregða ekki orðinu „tík“ fyrir sig aftur.

MERKILEGT samt að engin önnur kostakona í lífi Jay-Z skyldi hafa hrundið þessum sinnaskiptum af stað hjá honum. Datt mér þá helst í hug móðir hans blessunin eða hin hæfileikaríka eiginkona hans, hún Beyoncé, sem getur leikið, dansað, sungið og samið tónlist. Ég reyndi að finna ljód Jay-Z á netinu en tókst það því miður ekki. Því varð ég að geta mér til hvernig skáldskapur hans gæti hljómað á íslensku.

HELST kom mér í hug að það hefði getað verið á þessa leið: „Þú ert engri lík / og ekki ertu tík, / með augu eins og Bambi. / Nú hætti ég öllu þambi / og dópi sturta niður. / Ást mín er sem fiður / í mjúkri svanasæng / og hlýjar þér um nætur. / Þegar þú ert hrædd og grætur / fer ég óðara á fætur / tek þig í fangið og hugga, / rugga, / draugum burtu stugga. / Gleði mín er slík / að nú finnst mér engin kona tík.“ Þar sem ég ráfaði um á netinu í leit að kveðskap Jay-Z rakst ég á tilkynningu þess efnis að fréttin af sinnaskiptunum hefði bara verið upp-spuni. Rapparinn kannast ekkert við að hafa nokkurn tímann hugsað sér að hætta að kalla konur tíkur. Hann hyggst því halda áfram að láta það eftir sér blási andinn honum það í brjóst. Þar fór það.



ÞAD hefur verið ort af minna tilefni og heitstrenging Jay-Z virtist svo sannarlega vera lóð – eða réttara sagt ljód á vogarskálur aukinnar manngæsku í heiminum. „Hann segist vera breyttur maður og hefur lítið álit á þeim sem ætla að taka sér orðið í munn í framtíðinni,“ segir í frétt Vísisvefsins. Því miður mátti ætla að harla margir ættu þá eftir að fá á baukinn, enda hefur tíkin dillað skotti sínu býsna lengi í bandarískum rapptextum.

NÝTT

Nýtt kynningartímarit um tækni sem fylgir Fréttablaðinu.

DIGITAL

MEÐAL EFNIS:

- » Hugbúnaðarlausnir
- » Nýjungar í heimilistækjum
- » Tölvur
- » Iðnaðarframfarir
- » Snjallsímar
- » Spjaldtölvur
- » Internetþjónustur
- » Rafbækur
- » Gagnaver
- » Tækninýjungar
- » Vefhýsingar

DIGITAL lítur dagsins ljós 24. janúar

Bókið auglýsingar tímanlega

Ívar Örn Hansen
s. 512 5429
ivarorn@365.is



Allt sem þú þarft

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Jón Arason raular aldrei fór ég suður

Bækur ★★★★★

Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu

Eyþór Árnason

Uppheimar 2011

Eyþór Árnason sendi fyrir jólin frá sér sína aðra ljóðabók, en árið 2009 hlaut hann Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir bókina Hundgá úr annarri sveit. Þessi bók, Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu, er æði fjölbreytileg og hreint ansi góð.

Bókin skiptist í þrjá kafla, en

ljóðin eru 72, flest fremur stutt, en mjög ólík að formi og innihaldi.

Eyþór á í hrókasamræðum við þekktu menn úr fortíðinni, sögupersónur og listaverk, jafnt dægurlagatexta sem Íslendingasögurnar. Í sumum ljóðanna mætast menn af mörgum tímasviðum, eins og í ljóðinu Klukkur í Landakoti, þar sem Jón Arason er í helgarferð í Reykjavík og fær sér hressingu hjá Skúla vini sínum. Hann syngur Hvað er svo glatt, sem Jónas kenndi honum og raular svo Aldrei fór ég suður, í útgáfu sem ekki hefur heyrst áður. (24)

Skáldið hefur hugann oft við hinar dreifðari byggðir Íslands


og í bókinni er að finna skemmtilegar náttúrumyndir og stemmningsar, sumar svolítið „gyrðískar“ (nú vita allir hvað átt er við). Í mörgum ljóðanna gætir enn fremur fellegrar fortíðarþrjár, eins og í ljóðinu Ágústmyrkur, sem titill bókarinnar er sóttur í:

Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu; þá biður drengur bakvið stráin-draumar flögra um flóann, hallamálið í heilanum er óstöðugt og dimman svo mikil að ekki sést til sláttumannsins sem stendur í skáranum og lætur syngja í ljánum

...
Allt á sveimi eins og á rökkurmynd úr gömlu kassavélinni heima. (85)

Einn helsti kostur bókarinnar er hversu ljóðin eru rík af kímni og spaugi, mörg hver satt að segja alveg bráðfyndin, eins og Skemmtiskokk 2009, þar sem Eyþór vísar sniðuglega til hins fræga lags Þursaflokksins þegar út úr brjósti hans brýst „þínulítil og forljótur 49 ára gamall útrásarvíkingur sem enginn vill elska“ (11)

Sumar ljóðmyndirnar sitja fastar í höfðinu löngu eftir að lestri bókarinnar er lokið, líkt og „Það



hleypur um mig kitlandi léttur þytur/eins og kát minning um silungu“ (68) sem ég er ægilega skotin í.

Það er full ástæða til þess að mæla með Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu, enda er mörg eftirminnileg ljóð að finna í þessari finu bók. Ég leyfi mér enn fremur að spá Eyþóri Árnasyni þjartri framtíð á ljóðvellinum.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

inum.

Niðurstaða: Fjölbreytileg, skemmtileg og falleg ljóðabók.



JÓEL PÁLSSON Kemur fram með Kvartetti sínum á fyrstu djasstónleikum ársins á KEX Hosteli 24. janúar næstkomandi.

Meiri djass á KEX Hosteli

Vikulega næstu sex vikurnar verða haldnir djasstónleikar á KEX Hosteli, Skúlagötu 28. Tónleikaröðin er framhald af djasstónleikaröð sem fram fór á staðnum fyrir jól og naut töluverðra vinsælda. Skipuleggjandi tónleikanna er Sigurður Flosason saxófónleikari.

Fyrstu tónleikarnir fara fram 24. janúar en þá spilar Kvartett Jóels Pálssonar fjölbreytta blöndu tónlistar. Næst er það svo Sálgæslan 31. janúar, þá Kvartett Óskars Guðjónssonar 7. febrúar, Kvartett Einars Scheving 14. febrúar, Kjeld Lauritsen tríó 21. febrúar og loks ASA tríó 28. febrúar.

Ókeyppis er inn á alla tónleikana sem hefjast klukkan 20.30. - hhs

María fjallar um verk sín

Myndlistarkonan Myriam Bat-Yosef, eða María Jósepsdóttir, kemur fram á hádegisfyrirlestri Opna Listaháskólans í húsnæði myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, í dag, mánudaginn 23. janúar klukkan 12.30.

Myndlistarkonan mun segja frá verkum sínum og listferli sem spannar meira en hálfu öld. Myriam, sem er fædd í Berlín og ólst upp í Ísrael, hefur íslenskt ríkisfang, en hún er fyrrverandi eiginkona Errós.


Í fyrirlestri sínum mun Myriam fjalla um feril sinn, allt frá því hún stundaði myndlistarnám í París fram til dagsins í dag.

Síðar í mánuðinum, 28. janúar, opnar svo sýningin Teikn í Nýlistasafninu, með verkum þeirra Myriam og Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur.

Fyrirlesturinn er á ensku og er öllum opin. - hhs

Ferðapjónusta og fjárfestingar

Málþing á Hilton Reykjavík Nordica
miðvikudaginn 25. janúar
kl. 10-15



Dagskrá:

10:00 Opnunarávarp

10:10 Fjárfesting til framtíðar
Árni Gunnarsson, Flugfélagi Íslands, SAF

10:25 Tækifæri og viðhorf til fjárfestinga: niðurstöður könnunar
Gísli Steinar Ingólfsson, Capacent

10:45 Hvernig á að fjármagna fyrstu skrefin?
Rúnar Óli Karlsson, Borea Adventures

11:00 Þróun fjárfestingar og rekstrarafkomu í ferðapjónustu
Gústaf Steingrímsson, Landsbankanum

11:20 Lapland: Tourism development, strategy and investments
Satu Luiro, Þróunarstofu sveitarfélaga í Laplandi

11:50 Er þörf fyrir erlenda fjárfestingu í ferðapjónustu?
Þórður Hilmarsson, Íslandsstofa

12:10 Race to the top
Bala Kamallakharan, Auro Investment Partners

12:30 Léttur hádegismatur

13:30 Biodiversity as a tool for sustainable development
Ignace Schops, Regional Landscape Kempen and Maasland

14:00 Eigið fé til uppbyggingar
Þorsteinn Jóhannesson, Norðursiglingu

14:15 Að nálgast lánsfé - hvaða atriði ber að hafa í huga?
Davíð Björnsson, Landsbankanum

14:30 Ferðapjónusta og fjárfestar
Helga Valfells, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins

14:45 Umbreyting eða ævintýramennska?
Róbert Guðfinnsson, Rauðku

15:00 Málþingi lýkur

Fundarstjóri, Erna Hauksdóttir, SAF

Þátttaka er án endurgjalds og fer skráning fram á islandsstofa@islandsstofa.is og í síma 511 4000.



ÍÐNADARRÁÐUNEYTIÐ



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRABÍÓ GLÆRUGI SELD SÉR

CONTRABAND	KL. 5.30 - 8 - 10.25	16
CONTRABAND LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.25	16
THE DESCENDANTS	KL. 5.30 - 8 - 10.25	L
UNDERWORLD / AWAKENING	KL. 8 - 10	16
FLYPAPER	KL. 8	12
THE SITTER	KL. 6 - 10	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3.40 - 5.50	L
STÍGVÉLABIKÖTTURINN 3D	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.S

CONTRABAND	KL. 8 - 10.30	16
THE DESCENDANTS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
IRON LADY	KL. 5.40 - 8 - 10.20	L
MY WEEK WITH MARILYN	KL. 5.40	L
GIRL WITH THE DRAGON TATTOO	KL. 5.45 - 9	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.S

CONTRABAND	KL. 6 - 8 - 10.10	16
------------	-------------------	----

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



SKÁL Valdis Þorgeirsdóttir og Sigríður Láretta Jónsdóttir voru ánægðar með tónleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FJÖLMENNI HLUSTAÐI Á LJÚFA TÓNA SÓLEYJAR

Fyrsta tónleikaveisla Gogoyoko á þessu ári fór fram á Kex Hosteli á dögunum en það var söngkonan Sóley sem reið á vaðið. Uppselt var á tónleikana og vöktu ljúfir tónar Sóleyjar mikla hrifningu tónleikagesta. Tónleikarnir eru hluti af tónleikarröðinni Gogoyoko Wireless, sem hafa verið reglulegur viðburður síðan í júní á síðasta ári.



SAMAN Birta Brynjarsdóttir og Stefán Pálsson stilltu sér upp.



LJÓSMYNDARINN OG RITHÖFUNDURINN Elo Vázquez og Óttar Norðfjörð komu til að hlusta á Sóleyju.



GÖÐIR GESTIR Kristrún Sigurjónsdóttir og Signý Hermannsdóttir mættu.



BROSANDI Dagrún Fanney Liljarsdóttir og Arnar Ingvarsson brostu til ljósmyndara.



HRESSAR Lauretta og Lisa létu sig ekki vanta.



GAMAN Kristín Ninja og Sigrún Einarsdóttir komu sér fyrir á Kexi.

midí.is
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

CONTRABAND	5.50, 8, 10.15(P)
THE IRON LADY	5.50, 8, 10.15
PRÓDULEIKARARNIR	5.40, 8
TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY	10

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

CONTRABAND	5.50, 8, 10.15(P)
THE IRON LADY	5.50, 8, 10.15
PRÓDULEIKARARNIR	5.40, 8
TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY	10

SAMBÍÓIN
SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN ALFABAKKA				SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
CONTRABAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	16	J. EDGAR	kl. 5:10 - 8 - 10:20	2D	12
CONTRABAND VIP	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	16P	UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	16
50/50	kl. 8 - 10:20	2D	12	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:40	2D	L
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:50 - 10:20	2D	12	50/50	kl. 8 - 10:45	2D	12
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 5:30 - 8 - 10:40	2D	12	SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8	2D	12
NEW YEAR'S EVE	kl. 8	2D	12	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20 - 10:40	2D	12
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	2D	12				
FJÖRFISKARNIR	kl. 5:50	2D	12	SAMBÍÓIN KRINGLUNNI			
				J. EDGAR	kl. 5:10 - 8 - 10:45	2D	12
SAMBÍÓIN AKUREYRI				SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:40	2D	12
J. EDGAR	kl. 8	2D	12	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:40	2D	12
UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 10:40	2D	16	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:50	2D	L
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 6	2D	12	NEW YEAR'S EVE	kl. 5:40	2D	L
50/50	kl. 6	2D	12	SAMBÍÓIN KEFLAVÍK			
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:30	2D	12	CONTRABAND	kl. 8	2D	16
				J. EDGAR	kl. 10:20	2D	12
				50/50	kl. 10:20	2D	12
				NEW YEAR'S EVE	kl. 5:40	2D	L

www.lyfja.is

Fyrir börnin í Lyfju

BÍÓ PARADÍS

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midí.is

MÁNUDAGUR: SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00, THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00 ■ PARTIR 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 (ISL. TEXTI) / ENGLISH SUBTITLES.



LOKIB Stelpur, þessi maður er nú á lausu.

20 ára hjónaband á enda

Djasskóngurinn og tónlistarsnillingurinn Kenny G og eiginkona hans til 20 ára, Lyndie Benson-Gorelick, hafa nú sótt um skilnað. Ástæðuna segja þau vera óleysanlegan ágreining sem upp hefur komið á milli þeirra. Saxafónleikarinn hefur selt yfir 75 milljónir platna um allan heim á ferli sínum, sem gerir hann að mest selda tónlistarmanni samtímans. Þau Kenny og Lyndie eiga saman tvo syni, þá Max 16 ára og Noah 12 ára.

- trs



BYRJADUR MEÐ EFRON Taylor Swift hefur sést á stefnumóti með Zac Efron.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt stjörnpár myndast

Söngkonan unga Taylor Swift sást á stefnumóti með leikaranum Zac Efron samkvæmt tímaritinu US. Párið sást saman úti að borða á ítölskum veitingastað í Los Angeles og virtust innileg að sögn sjónarvotta. Bæði hafa þau tjáð sig um fegurð hvor annars í viðtölum en ekki staðfest samband sitt opinberlega. Efron sagði Swift vera „góða stelpu sem væri líka mjög falleg“ og Swift sagði Efron vera „æðislegan strák“.

Ekki er víst hvað úr verður en bæði eru þau fulltrúar ungu kynslóðarinnar í Hollywood.



GENGIÐ Í GEGNUM MARGT Sharon Stone hefur gengið í gegnum ýmslegt um ævina.

Stone hefur lent í ýmsu

Sharon Stone segir að fólk hafi enga hugmynd um hvað hún hefur gengið í gegnum á ævi sinni. Leikkonan hefur fengið heilablæðingu, misst fóstur tvívegis og gengið í gegnum skilnað. Hún segir að þessi lífsreynsla sín hafi breytt hugsunarhætti sínum til mikilla muna.

„Fólk hringir í mig og biður mig um að leika hlutverk sem ég lék einu sinni. Ég hugsa með mér: Þú hefur ekki hugmynd um hvað ég hef fengið í gegnum,“ sagði leikkonan, sem eitt sinn lék mikla kynbombu í tryllinum Basic Instinct.

Góðir straumar frá Toscana

Tónlist ★★★

Synopsis

Stereo & Pulse

Hljómsveitin Stereo Hypnosis er skipuð feðgunum Óskari og Pan Thorarensen. Hún var stofnuð í Flatey á Breiðafirði árið 2006. Synopsis er þriðja plata Stereo Hypnosis, en áður komu Parallel Island (2007) og Hypnogogia (2009). Hljómsveitin hefur verið dugleg við tónleikahald og hefur bæði spilað mikið hér á landi og erlendis. Hún á meðal annars að

baki tónleikaferðir til Eystrasaltsríkjanna, Rússlands, Kanada og Ítalíu á síðustu tveimur árum.

Synopsis er samstarfsverkefni með ítalska tónlistarmanninum Marco Galardi, sem kallar sig Pulse. Stereo Hypnosis hljóðritar gjarnan plöturnar sínar á óvenjulegum stöðum; Parallel Island var tekin upp í Flatey, Hypnogogia á Hellissandi og Synopsis var hljóðrituð í hlífum Toscana-héraðs á Ítalíu. Tónlist Stereo Hypnosis er hægeng og stemningsfull raftónlist. Á Synopsis eru fimm lög sem heita



FERSK OG NÆRANDI Synopsis með Stero & Pulse er fersk og nærandi plata en ekki byltingarkennd.

Synopsis 1-5 og voru tekin upp á fimm dögum.

Tónlistin á Synopsis ber það með sér að vera að minnsta kosti að hluta til spunnin upp á staðnum. Hún á margt sameiginlegt með gamalli sveimtónlist, að því undanskildu að undir tónum Synopsis hljómar mjög ákveðinn raftónlistartaktur, sem herðir á tempóinu og gefur tónlistinn annan blæ. Útkoman er ekki byltingarkennd, en hljómar fersk og nærandi.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Stemningsfull raftónlist frá feðgunum í Stereo Hypnosis

BIOMEGA

VÍTAMÍN-FJÖLSKYLDAN

Vítamín sem mæta þörfum allra á heimilinu



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA • LITLAR TÖFLUR • NÝTT OG BETRA BRAGÐ
FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG STÓRVÖRUVERSLUNUM LANDSINS
SJÁ NÁNAR Á VITAMIN.IS



FRAKKLAND OG SPÁNN unnu bæði leiki sína í milliriðli 2 á EM í Serbíu í gær. Frakkar máttu hafa mikið fyrir sigri á Slóveníu sem leiddi í leiknum lengi vel og þá urðu Spánverjar fyrstir til að vinna Króatíu á mótinu. Aðeins þrjú stig skilja að öll liðin í riðlinum og er því spennan mikil um hvaða tvö lið komast áfram í milliriðla-keppnina. Öll liðin, þar með talið Ísland, eiga enn möguleika á að komast í undanúrslitin í Belgrad.

ÚRSLIT

EM í handbolta

MILLIRIÐILL 2

Ungverjaland - Ísland 21-27 (10-14)

Mörk Ungverjarlands (skot): Gábor Császár 7/3 (12/4), Ferenc Ilyés 5 (8), Gergely Harsányi 3 (5/1), Tamás Mocsai 2 (8), Attila Vadkerti 1 (1), Gergo Iváncsik 1 (2), Barna Putics 1 (2), Gábor Ancsin 1 (4), Kornél Nagy (1), Szabolcs Zubai (3).
Varin skot: Nándor Fazekas 10 (28/1, 36%), Roland Mikler 5 (14/1, 36%).

Mörk úr hraðaupphlaupum: 3 (Ilyés 1, Harsányi 1, Iváncsik 1)

Fiskuð víti: 5 (Zubai 2, Császár 1, Ilyés 2)

Után vallar: 8 mínútur.

Mörk Íslands (skot): Arnór Atlason 5 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 5/2 (9/2), Róbert Gunnarsson 4 (4), Þórir Ólafsson 4 (5), Vignir Svavarsson 3 (3), Aron Pálmarsson 2 (5), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (7), Ólafur Bjarki Ragnarsson 1 (2), Rúnar Kárasón 1 (3).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 14/2 (35/5, 40%).

Mörk úr hraðaupphlaupum: 6 (Vignir 3, Guðjón Valur 2, Þórir 1)

Fiskuð víti: 2 (Róbert 1, Ásgeir Örn 1)

Után vallar: 12 mínútur.

Frakkland - Slóvenía 28-26 (14-15)
Spánn - Króatía 24-22 (11-14)

STAÐAN

Spánn	3	2	1	0	77-72	5
Króatía	3	2	0	1	84-82	5
Ungverjaland	3	1	1	1	71-74	3
Frakkland	3	1	0	2	77-81	2
Slóvenía	3	1	0	2	89-91	2
Ísland	3	1	0	2	88-86	2

NÆSTU LEIKIR

Spánn - Ísland á morgun kl. 15.10
Frakkland - Króatía á morgun kl. 17.10
Ungverjaland - Slóvenía á morgun kl. 19.10

MILLIRIÐILL 1

Pólland - Svíþjóð 29-29 (9-20)
Danmörk - Makedónía 33-32 (16-19)
Serbía - Þýskaland 21-21 (12-7)

STAÐAN

Þýskaland	3	2	1	0	74-68	5
Serbía	3	2	1	0	67-61	5
Pólland	3	1	1	1	74-77	3
Danmörk	3	1	0	2	81-83	2
Svíþjóð	3	0	2	1	79-84	2
Makedónía	3	0	1	2	81-83	1

NÆSTU LEIKIR

Pólland - Makedónía í dag kl. 15.20
Danmörk - Þýskaland í dag kl. 17.20
Serbía - Svíþjóð í dag kl. 19.20

Strákarnir mættir aftur

Eftir slaka leiki gegn Noregi og Slóveníu sýndu strákarnir okkar sitt rétta andlit í gær er þeir völtuðu yfir sterka Ungverja, 27-21, í fyrsta leik Íslands í milliriðli. Vörnin og markvarslan small loksins og ungu strákarnir sýndu sig og sönnuðu.

EM 2012 Þegar búið er að lemja strákana okkar niður og þjóðin missir trú á þeim þá rísa þeir venjulega upp. Á því varð engin undantekning í gær er strákarnir spiluðu frábæran leik gegn Ungverjum og þökkðu saman liðinu sem er búið að vinna Frakka og gera jafntefli við Spánverja á EM.

Það var allt annað að sjá til liðsins í gær en þetta var besti leikur liðsins á mótinu til þessa. Vörnin aldrei verið sterkari, markvarslan var loksins eðlileg og sóknarleikurinn sem fyrr frábærliga útfærður. Svo má ekki geyma að liðið var án Alexanders Peterssonar og Aron Pálmarsson spilaði mjög þjádur.

Leikgleðin skein úr hverju andliti

Fyrsta korterið í leiknum var ekki nógu gott en eftir það tóku strákarnir öll völd á vellinum og leiddu með fjórum mörkum í hálfleik, 14-10. Í síðari hálfleik héldu strákarnir uppteknum hætti og náðu mest sjö marka forskoti. Ungverjar náðu aldrei að ógna strákunum á nokkurn hátt og þægilegur sigur í höfn.

Það var ótrúlega gaman að fylgjast með strákunum í gær. Leikgleðin skein úr hverju andliti og menn tilbúnir að fórná sér hver fyrir annan. Samvinnan í varnarleiknum var algjörlega frábær og ekki veikan hlekk að finna. Björgvin Páll sýndi svo þann karakter sem hann býr yfir með því að rífa sig upp og verja marga frábæra bolta. Þar af tvö víti.

Arnór eins og stríðsmaður

Arnór lamdi menn áfram eins og harðfisk og hreint magnað að fylgjast með þessum mikla stríðsmanni á vellinum. Algjörlega til fyrirmyndar. Slíkt hið sama má segja um fyrirliðann Guðjón Val



MIKIL GLEÐI Björgvin Páll Gústavsson gladdist með liðsfélögum sínum eftir sigurinn glæsilega á Ungverjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem fór fyrir liðinu með jákvæðu hugarfari daginn fyrir leik og hefur svo látið verkin tala á vellinum með hverjum stórleiknum á fætur öðrum.

Ásgeir Örn leysti Alexander af hólmi og var algjörlega frábær í vörninni og spilaði vel. Aron skiladi góðu verki þrátt fyrir meiðsli og Þórir klúðrar vart skoti. Róbert líka búinn að vera magnaður og stóð vaktina á báðum endum vel. Vignir Svavarsson hefur svo verið frábær í vörn og skorað gríðarlega mikilvæg hraðaupphlaups-mörk. Virkilega gaman að fylgjast

með honum. Ungu strákarnir voru síðan áræðnir og komu sprækir inn.

Það var allt jákvætt við þennan frábæra sigur liðsheildarinnar. Haldi liðið áfram á þessari braut mun það velgja Spánverjum og Frökkum undir uggum.

Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson



fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is



SVERRE ÖFLUGUR Íslenska vörnin var afar þétt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peir áttu ekki séns í okkur

EM 2012 „Svona þekkjum við okkur en þetta kemur ekki af sjálfu sér,“ sagði varnarjafninn Sverre Jakobsson en varnarleikurinn hrökk loksins almennilega í gang í Ungverjaleiknum í gær.

„Við horfðum mikið á leikinn gegn Ungverjum frá því fyrir ári síðan. Þá spiluðum við vel og náðum að kalla það fram aftur. Stemningin var til staðar og Bjöggi fylgir síðan með fína markvörslu. Það var mikið meira öryggi yfir varnarleiknum í dag og allir hjálpuðust að. Það var ótrúlega gaman að vera með í þessu. Þeir áttu ekki séns í okkur.“

Það voru ansi margir búnir að afskrifa íslenska liðið fyrir leikinn en þegar slíkt gerist þá bitur þetta lið venjulega frá sér.

„Við ákváðum að horfa á okkur sjálfa og sýna að við kunnum þetta enn. Erum ekki allt í einu orðnir lélegir í handbolta. Allir heima áttu skilið að fá þetta frá okkur fyrir allan stuðninginn. Þetta gerir síðan mjög mikið fyrir okkur. Sjálfstraustið kemur aftur og stemningin eykst. Líttleikinn verður meiri og þetta er gaman núna.“ - hbg

AMERICAN STYLE

HEALTHY STYLE

KJÚKLINGASALAT

Kjúklingalundur, fetaostur, kryddaðir brauðteningar, paprika, ferskt salat og rauðlaukur. Borið fram með hunangssinnepssósu.

kr. 1595,-



GLÆSILEG INNKOMA Rúnar Kárasón skoraði glæsilegt mark eftir að hann kom inn á seint í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjúklingarnir Rúnar og Ólafur Bjarki komu sterkir inn: Mjög gaman að skora

EM 2012 Kjúklingarnir í íslenska landsliðshópnum fengu nánast allir að spila í sigrinum glæsilega gegn Ungverjum í gær. Þeir Ólafur Bjarki Ragnarsson og Rúnar Kárasón fengu nokkuð að spila og Ólafur Guðmundsson kom inn undir restina. Aðeins Aron Rafn Eðvarðsson fékk ekki tækifærið í dag.

Þetta var fyrsta stórmótsreynsla Rúnars en Ólafur Bjarki hafði komið inn í einni sókn fyrir í mótinu. Báðir skoruðu þeir sín fyrstu mörk á stórmóti og voru óragir og ákveðnir á vellinum.

„Ég kom svo fljótt inn og fékk engan tíma til að undirbúa mig. Þetta var eins og að koma inn í hvern annan leik. Eftir á að hyggja var þetta talsvert sérstakara. Það var gaman að leggja sitt af mörk-

um og þetta var frábær sigur liðs-andans,“ sagði Rúnar hógvær en hann skaut næstum því höfuðið af markverðinum er hann skoraði með sínu öðru skoti. „Ég þurfti smá tíma til þess að hitna. Það var mjög gaman að sjá boltann í netinu.“

Þegar Ólafur Bjarki skoraði þá lak boltinn í netið. Inn fór hann og það skipti öllu máli. „Það mátti nú ekki tæpara standa og ljúft að sjá hann í netinu,“ sagði Ólafur Bjarki en hann klúðraði síðan hraðaupphlaupi. Skaut himinhátt yfir.

„Ég ætlaði svoléiðis að smyrja hann í samskeytin en boltinn flaug úr hendinni á mér. Þetta var líkara snertimarkssendingu í amerískum fótbolta en skoti úr hraðaupphlaupi,“ sagði HK-ingurinn léttur. „Þetta var rosalega gaman.“ - hbg

Verðlækkun

Núna kr. 3.090.000

Losnaðu við þann gamla í dag
Núna er tækifærið að losna við þann gamla.
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda.
Nýttu lækkað verð á Mazda í dag.
Komdu á Bíldshöfða 8.



Lækkað verð í dag
3.090.000 kr.

Mazda3 Advance 5 dyra
1,6i bensín. 105 hð. Beinskíptur.
Fáanlegur dísil.
Eldsneytisnotkun 6,5 l/100 km
Koltvísýringur CO₂ 149 g/km
Verð áður kr. 3.190.000
Verð kr. 3.090.000
Mánaðargreiðsla kr. 35.121*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,26%

Kauptu bara öruggar vörur

Fáðu þér Mazda3

Þetta hér segir þér að Mazda er örugg kaup:
Áreiðanleiki, lágur rekstrarkostnaður, lág bilanatíðni, frábær í endursölu, sportlegt útlit og góðir aksturseiginleikar. Mazda er japönsk gæðavara. Þú færð mikið fyrir minna í dag. Settu gamla bílinn upp í nýjan Mazda. Kauptu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi
Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Mazda hjá Brimborg í dag. Vertu Mazda.

Komdu hingað
Mazda
Bíldshöfða 8
Opíð 9 til 17 í dag



Skoðaðu búnaðinn í Mazda3 Advance

Stjórnæki

- Loftkæling
- Frjókomasía í miðstöð
- Fjölstillanlegt stýrishjól
- Hitamælir, útihi
- Rafdrifnir hliðarspeglar
- Rafdrifnar rúður að framan
- Dagljós
- Hæðarstillanleg aðalljós
- Viðvörn vegna rúðuvökva
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Hraðastillir – Cruise control

Öryggi

- Öryggispúðar í stýri og mælaborði
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílastólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn
- Diskabremsur á öllum hjólum

Sæti

- Tauáklæði
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Hiti í framsætum
- Höfuðpúðar á öllum sætum
- Armpúði milli framsæta
- Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40

Hljómtæki

- Samhæft útvarp
- Tengir fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspilari
- 6 hátalarar

Innrétting

- Glasahaldarar frammi
- Armpúði afturi með glasahaldara
- Geymsluhólf milli framsæta
- Bæði sólskyggni með snyrtispegli
- Ljós í farangursrými

Utan

- Fjarstýrð samlæsing
- Þvottakerfi á aðalljósum
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan samlit (5 dyra)
- 16" álfelgur
- Upphitanlegir hliðarspeglar

Berðu saman verð og gæði Mazda og Toyota

Nýttu þér gott verð á Mazda3 Advance í dag

Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi

Fáðu Mazda til fyrirmyndar - Áreiðanleika - Góða endursölu - Gott verð - Persónulega þjónustu - Hagstætt þjónustuverð - Góða aksturseiginleika - Japönsk gæði og ekki síst fallett bros. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8.

Losnaðu við þann gamla í dag
Núna er tækifærið að losna við þann gamla
og fá sér nýjan Mazda.



Tvö íslensk mörk í leikjum helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni – Gylfi Þór var í byrjunarliði Swansea:

Allt spilaðist eftir höfði Manchester-liðanna

FÓTBOLTI Ekki nema tvö lið af efstu níu unnu leiki sína í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Sigurliðin tvö komu frá Manchester og styrktu þar með stöðu sína á toppi deildarinnar. City er með 54 stig en United 51 – fimm meira en Tottenham sem er í þriðja sæti.

Bæði lið þurftu að hafa mikið fyrir sigur sínum um helgina. City vann nauman sigur á Tottenham, 3-2, þar sem Mario Balotelli skoraði sigurmarkið úr

GRÉTAR RAFN Spilaði vel og skoraði í sigri Bolton á Liverpool.

GETTY

vítaspyrnu í uppbótartíma. City komst 2-0 yfir en Tottenham náði að jafna metin af mikilli seiglu. Balotelli hafði komið inn á sem varamaður en var engu að síður heppinn að hafa sloppið við rautt spjald þar sem hann virtist hafa traðkað á Scott Parker, leikmanni Tottenham.

„Balotelli átti að fá rautt,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham. „Það sem hann gerði á ekki heima í knattspyrnunni.“

United vann 2-1 sigur á Arsenal þar sem Danny Welbeck skoraði sigurmarkið eftir að hafa farið illa

með varamanninn Andrey Arshavin. Sá síðarnefndi var nýkominn inn á fyrir Alex Oxlade-Chamberlain sem lagði upp mark Arsenal í leiknum fyrir Robin van Persie.

„Ég skil vel að stuðningsmennirnir voru reiðir vegna skiptingarinnar en Alex var orðinn þreyttur,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „Ég hef verið knattspyrnu-stjóri í 30 ár og gert 50 þúsund skiptingar. Ég þarf ekki að réttlæta þær allar.“

Fyrir utan Chelsea og Norwich, sem gerðu markalaust jafntefli, tópuðu öll önnur lið í 3.-9. sæti

ensku úrvalsdeildarinnar leikjum sínum um helgina.

Af laugardagsleikjunum má nefna helst afrek Íslendinganna. Grétar Rafn Steinsson skoraði þriðja markið í glæsilegum 3-1 sigri sinna manna á Liverpool á meðan að Heiðar Helguson skoraði úr vítaspyrnu í 3-1 sigri QPR á botnliði Wigan. Hann lét reyndar verja frá sér víti í seinni hálfleik.

Þá var Gylfi Þór Sigurðsson í byrjunarliði Swansea í fyrsta sinn og þótti hann standa sig vel í 2-0 tapleik fyrir Sunderland.

- esá

Nýjungar frá Siemens

Kæli- og frystiskápar

KG 39EAI40

- Framhlið úr kámfriú stáli.
- Orkuflokkur A+++.
- 247 lítra kæli, 92 lítra frystir.
- Fékk nýlega hönnunarviðurkenninguna IF product design award.
- Mál (h x b x d): 201 x 60 x 70 sm.

Kynningarverð:

199.900 kr. stgr.



KG 36VVI30

- Framhlið úr kámfriú stáli.
- Orkuflokkur A++.
- 215 lítra kæli, 94 lítra frystir.
- Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Kynningarverð:

139.900 kr. stgr.



KG 36NVW20

- Hvítur með „noFrost“-tækni: affrysting óþörf jafnt í frysti- sem kæliými.
- 221 lítra kæli, 66 lítra frystir.
- Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

Kynningarverð:

159.900 kr. stgr.

SIEMENS



Meðal nýjunga

- Hægt að draga hillurnar vel fram.
- Betri orkunýtni. Nú eru skáparnir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.



- „crisperBox“-skúffa með rakastillingu. Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.
- „coolBox“-skúffa þar sem kuldi er meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum. Eykur geymsluþol ferskra kjötvara og fisks.
- Einstaklega björt LED-lýsing er komin í alla nýja skápa.
- Í frystirýminu eru þrjár gegnsæjar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ÚRSLIT

Powerade-bikarkeppni karla

FJÓRÐUNGSÚRSLIT

KFÍ - Hamar	104-69 (52-35)
Tindastóll - Njarðvík	94-83 (37-39)
Fjölnir - Keflavík	83-102 (35-53)

Leikur KR og Snæfells fer fram kl. 19.15 í kvöld.

Powerade-bikarkeppni kvk.

FJÓRÐUNGSÚRSLIT

Haukar - Hamar	70-58 (43-23)
Stjarnan - Grindavík	66-53 (32-27)
Fjölnir - Snæfell	45-90 (36-47)

Leikur Njarðvíkur og Keflavíkur fer fram kl. 19.15 í kvöld.

N1-deild kvenna

Valur - KA/Þór	30-19 (18-9)
ÍBV - Haukar	38-20 (22-8)
Gróttá - Stjarnan	22-34 (10-20)
HK - FH	31-21 (18-15)

STAÐAN

Fram	8	7	0	1	+65	14
Valur	8	7	0	1	+76	14
HK	8	6	0	2	+33	12
ÍBV	8	5	0	3	+33	10
Stjarnan	8	5	0	3	+21	10
Haukar	8	2	0	6	-61	4
Gróttá	8	1	1	6	-54	3
FH	8	1	1	6	-64	3
KA/Þór	8	1	0	7	-49	2

Enska úrvalsdeildin

Arsenal - Manchester United 1-2
0-1 Antonio Valencia (45.), 1-1 Robin van Persie (70.), 1-2 Danny Welbeck (80.).

Manchester City - Tottenham 3-2
1-0 Samir Nasri (55.), 2-0 Joleon Lescott (58.), 2-1 Jermain Defoe (60.), 2-2 Gareth Bale (64.), 3-2 Mario Balotelli (94.).

Bolton - Liverpool 3-1
1-0 Mark Davies (3.), 2-0 Nigel Reo-Coker (28.), 2-1 Craig Bellamy (36.), 3-1 Grétar Rafn Steinsson (49.). Grétar Rafn lék allan leikinn í liði Bolton.

Everton - Blackburn 1-1
1-0 Tim Cahill (23.), 1-1 David Goodwillie (71.).

Fulham - Newcastle 5-2
0-1 Danny Guthrie (42.), 1-1 Danny Murphy (51.), 2-1 Clint Dempsey (58.), 3-1 Clint Dempsey (64.), 4-1 Bobby Zamora (67.), 4-2 Hatem Ben Arfa (84.), 5-2 Clint Dempsey (88.).

QPR - Wigan 3-1
1-0 Heiðar Helguson (32.), 2-0 Akos Buzsaky (44.), 2-1 Hugo Rodallega (65.), 3-1 Tommy Smith (80.). Heiðar brenndi af vítaspyrnu í síðari hálfleik en lék allan leikinn með QPR.

Stoke - West Brom 1-2
0-1 James Morrison (34.), 1-1 Cameron Jerome (85.), 1-2 Graham Dorrans (90.).

Sunderland - Swansea 2-0
1-0 Stephane Sessegnon (13.), 2-0 Craig Gardner (84.). Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea en var skipt af velli í síðari hálfleik.

Wolves - Aston Villa 2-3
0-1 Darren Bent (10.), 1-1 Michael Kightly (20.), 2-1 David Edwards (30.), 2-2 Robbie Keane (50.), 2-3 Robbie Keane (84.).

STAÐAN

Man. City	22	17	3	2	60-18	54
Man. United	22	16	3	3	54-21	51
Tottenham	22	14	4	4	41-24	46
Chelsea	22	12	5	5	40-25	41
Arsenal	22	11	3	8	39-33	36
Newcastle	22	10	6	6	32-30	36
Liverpool	22	9	8	5	25-21	35
Stoke City	22	8	6	8	23-33	30
Norwich	22	7	8	7	32-36	29
Sunderland	22	7	6	9	29-24	27
Aston Villa	22	6	9	7	26-29	27
Fulham	22	6	8	8	28-31	26
Swansea	22	6	8	8	23-27	26
Everton	22	7	5	10	22-26	26
West Brom	22	7	4	11	22-31	25
QPR	22	5	5	12	22-37	20
Bolton	22	6	1	15	28-47	19
Blackburn	22	4	6	12	33-45	18
Wolves	22	4	6	12	25-40	18
Wigan	22	3	6	13	19-45	15



EINBEITINGIN Í LAGI Ungir dansarar í keppni á Reykjavíkurlieikum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eygló Ósk Gústafsdóttir:

Nýtt met og á leið til Lundúna

SUND Eygló Ósk Gústafsdóttir, sundkona úr Ægi, bætti í gær Íslandsmetið í 200 m baksundi á Reykjavíkurlieikum. Hún synti á 2:13,04 og bætti gamla metið sem hún átti sjálf um tæpar tvær sekúndur.

Eygló Ósk er þó enn talsvert frá Ólympíulágmarkinu í greininni en árangurinn gæti engu að síður dugað henni til að öðlast þátttökurétt í leikunum í Lundúnum í sumar.

Hún var einnig stutt frá því að bæta Íslandsmetið í 100 m baksundi á laugardaginn. - esá

U-20 landsliðið í íshokki:

Yfirburðir í Nýja-Sjálandi

ÍSHOKKI U-20 ára landslið Íslands í íshokki hafði mikla yfirburði í 3. deild heimsmeistaramótsins sem fór fram í Nýja-Sjálandi á dögunum. Ísland vann alla fjóra leikina í sínum riðli og komst þar með upp í næsta styrkleikaflokk fyrir ofan.

Ísland vann Kína í síðasta leiknum, 5-1, en hafði þar áður unnið Búlgaríu, Nýja-Sjáland og Tyrkland með miklum yfirburðum. Markatalan var samantölögð 30 skoruð mörk gegn aðeins tveimur. - esá



HELGA MARÍA Efnileg skíðakona sem stóð sig mjög vel í Innsbruck. MYND/ISI

Vetrarólympíuleikar ungra:

Jakob Helgi óheppinn

VETRARIÞRÓTTIR Vetrarólympíuleikum ungmenna lauk í Innsbruck í Austurríki í gær. Á laugardaginn keppti skíðakappinn stórefnilegi, Jakob Helgi Bjarnason, í svigi en aðstæður voru erfiðar og hann krækti í hlið ofarlega í brautinni. 62 keppendur voru skráðir en 35 skiluðu sér niður í báðum ferðum.

Jakob Helgi er efstur á stigalista FIS, Alþjóðaskíðasambandsins, í sínum aldursflokk og var með rásnúmerið sjö. Hann náði ekki heldur að klára keppni í stórsvigi í síðustu viku.

Í svigi stúlkna náði Helga María Vilhjálmstöðvartóttir frábærum árangri fyrir helgi eða áttunda sæti. Munaði miklu um góða seinni ferð þar sem hún náði sjötta besta tímanum.

Gunnar Birgisson skíðagöngukappi keppti einnig fyrir Íslands hönd og stóð sig vel. - esá

Fjöldmörg met slegin og góður árangur á fjölmönnum Reykjavíkurlieikum:

Vel heppnaðir Reykjavíkurlieikar

ÍÞRÓTTIR Reykjavíkurlieikarnir fóru fram í fimmta sinn nú um helgina og tókst framkvæmdin vel. Tvö þúsund íslenskir keppendur tóku þátt og 400 erlendir keppendur frá 20 löndum. Samtals var keppt í sextán keppnisgreinum en þrjár nýjar greinar voru á leikunum í ár.

„Það er búið að ganga ótrúlega vel og menn á öllum stöðum eru mjög sáttir við sitt,“ sagði Anna Lilja Sigurðardóttir, upplýsinga-fulltrúi ÍBR, við Fréttablaðið í gærkvöldi en þá var í þann mund að hefjast lokahóf leikanna í Laugardalshöllinni.

„Það var metfjöldi þátttakenda í ár og þrjár nýjar greinar; þríþraut, ólympískar lyftingar og skvass. Frábær árangur náðist í öllum greinum enda sterkir keppendur sem tóku þátt.“

Fjöldamörg Íslandsmet voru slegin um helgina í mörgum greinum. „Það voru slegin met í öllum greinum þar sem það var hægt,“ sagði Anna Lilja en til að mynda voru ellefu Íslandsmet sett í ólympískum lyftingum og tólf í sundi fatlaðra. Þá voru átta mótismet slegin í frjálsum íþróttum og tvö Íslandsmet, þar af eitt í flokki

fullorðinna. Það gerði Aníta Hinriksdóttir er hún sló 35 ára gamalt met Lilju Guðmundsdóttur í 800 m hlaupi. Kom hún í mark á 2:05,96 mínútum. Aníta er aðeins fimmtán ára gömul og ljóst að hún á framtíðina fyrir sér.

Anna Lilja segir að Reykjavíkurlieikarnir séu löngu búnir að festa sig í sessi. „Það eru sífellt fleiri sem vilja komast að og ekki ólíklegt að greinum verði fjölgað á næstu árum. Það er greinilegt að það þykir spennandi að fá að taka þátt í svo vel heppnuðu móti.“

- esá

GOÐI
ÞORRAMATUR

Íslenskur matur að fornum sið

Íslenski þorramaturinn á sér aldalanga hefð sem gekk í endurnýjun lífdaga á nítjándu öld þegar tekið var að halda þorrablot að nýju. Þorramatur er eitt af því sem er mest ekta við Ísland. Íslendingar gæða sér á þorramat alla daga þorrans.

Goði – þjóðlegur um þorran

GOÐI

> Stöð 2 kl. 21.40 Celebrity Apprentice

Það er komið að úrslitastund hjá Donald Trump og stjórnunum sem taka þátt í Celebrity Apprentice. Það eru bara tveir keppendur eftir, pókermeistarinn Annie Duke og skemmtikrafturinn Joan Rivers. Lokaverkefnið er að selja miða á sýningu með Cirque du Soleil og sjá um veislu fyrir boðsgesti fyrir sýninguna.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON OG ILLMENNIN

Verstu óvinir Íslendinga

Stundum er sagt að í orrustum nútímans sé barist á íþróttavellinum fremur en á banaspjótum. Sú fullyrðing er heldur bjartsýn þar sem veröld vor er enn stríðshráð en í fullyrðingunni leynist sannleikskorn. Íslendingar hafa blessunarlega verið lausir við hörmungar stríðsátaka um langa hríð en það hefur þó ekki aftrað okkur frá því að eignast óvini. Á tíunda áratugnum voru nokkrum sinnum búin til listar yfir óvini Íslendinga og var á þeim iðulega að finna ómennni eins og hvalahryðjuverkamanninn Paul Watson og barnaþjófana Halim Al og Donald Feeny. Fáir hafa gert verulega á hlut Íslendinga síðustu ár þótt sumir hafi orðið æði argir út í Breta og Hollendinga. Að mati höfundar er þó ótækt að merkja heilar

þjóðir sem óvini okkar. Höfundur vill heldur beina sjónum sínum að ómennum handboltaheimsins sem hafa gert strákunum okkar lífið leitt síðustu ár. Hverjum líkar til dæmis vel við hrokagikkinn Ulrik Wibek, þjálfara danska landsliðsins? Eða þá franska markmanninn Thierry Omeyer sem gerði vonir Íslendinga um Ólympiugull að engu? Og þá er ónefnd skepnan Ivano Balic sem hefur helst unnið sér það til saka að vera óþolandi góður og siglottandi. Auðvitað skal engan mann hata, það má aftur á móti fyrirllita einn og einn. Og þar sem þetta eru okkar verstu óvinir í dag ber að fyrirllita þá. Það er bara þannig.



RÚV

- 12.00 Silfur Egils (e)
- 13.20 Landinn (e)
- 13.50 Leiðarljós (Guiding Light)
- 14.32 Mærin Mæja (51:52)
- 14.40 Babar (12:26)
- 15.05 EM í handbolta BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
- 17.00 EM í handbolta BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
- 18.45 Táknálsfréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.40 EM í handbolta BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
- 20.30 EM-kvöld Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.
- 20.55 Mín New York - Bjarke Ingels (Mit New York - Bjarke Ingels) Danski arkitektinn Bjarke Ingels segir frá stóru verkefni sem hann vinnur að á Manhattan.
- 21.10 Hefnd (7:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu í hefndarhug.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Óvættir í mannlíki (4:8) (Being Human II) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur, varúlf, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20 Trúður (4:10) (Klovn V) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.45 Fréttir
- 23.55 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.45 Who the \$&% is Jackson Pollock
- 08.00 The House Bunny
- 10.00 Just Married
- 12.00 Crazy on the Outside
- 14.00 The House Bunny
- 16.00 Just Married
- 18.00 Crazy on the Outside
- 20.00 Who the \$&% is Jackson Pollock
- 22.00 The Kovak Box
- 00.00 How Much Do You Love Me?
- 02.00 Saw III
- 04.00 The Kovak Box

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (32:175)
- 10.15 Masterchef (13:13)
- 11.00 Mercy (21:22)
- 11.45 Falcon Crest (4:30)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (1:24)
- 13.25 America's Got Talent (19:32)
- 14.45 America's Got Talent (20:32)
- 15.25 ET Weekend
- 16.10 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (1:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In The Middle (11:22)
- 19.45 Hank (4:10) Ný gamanþáttasería með góðkunningjanum Kelsey Grammer í aðalhlutverki. Hann fer með hlutverk valdamikils manns á Wall Street sem fer að rækta betur samband sitt við fjölskyldu sína eftir að hann missir vinnuna.
- 20.10 The Block (4:9) Áströlsk raunveruleikasería sem sló fyrst í gegn árið 2004 en þar var fylgst með fjórum þórum gera upp fjórar sams konar íbúðir.
- 20.55 The Glades (4:13)
- 21.40 Celebrity Apprentice (11:11)
- 23.50 Twin Peaks (5:22)
- 00.35 Better Of Ted (4:13)
- 01.00 Modern Family (7:24)
- 01.20 Mike & Molly (19:24)
- 01.45 Chuck (18:24)
- 02.30 Burn Notice (2:20)
- 03.15 Community (15:25)
- 03.40 Last Truck: The Closing of a GM Plant
- 04.25 The Glades (4:13)
- 05.10 Malcolm In The Middle (11:22)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn: Malaga - Barcelona
- 17.25 Orlando - L.A Lakers Útsending frá leik liðanna í NBA-deildinni.
- 19.15 Spænski boltinn: Real Madrid - Ath. Bilbao
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.40 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Leverkusen
- 23.30 Golfskóli Birgis Leifs (2/12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Halþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi.

SPORT 2

- 07.00 Arsenal - Man. Utd.
- 13.45 QPR - Wigan
- 15.35 Bolton - Liverpool
- 17.25 Sunnudagsmessan
- 18.45 Premier League Review 2011/12
- 22.00 Premier League Review 2011/12
- 23.00 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

EXTRA

- 18.35 The Doctors (32:175)
- 19.20 Wonder Years (12:23) (13:23)
- 20.15 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Mentalist (5:24)
- 22.35 The Kennedys (3:8) Ein umtaladasta sjónvarpsseria síðustu ára þar sem fylgst er með lífshlaupi Johns F. Kennedy, frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum, frá valdatíð hans, velgengi og leyndarmálum á forsetastóli og sviplegu dauðsfalli.
- 23.25 Mad Men (11:13)
- 00.10 Malcolm In The Middle (11:22)
- 00.35 Hank (4:10)
- 00.55 60 mínútur
- 01.40 Wonder Years (12:23) (13:23)
- 02.30 The Doctors (32:175)
- 03.10 Íslenski listinn
- 03.35 Sjáðu
- 04.00 Fréttir Stöðvar 2
- 04.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.00 Minute To Win It (e) Þáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Fjórir keppendur leggja allt undir til að sigra í flókinni þrautakeppni.
- 15.45 Once Upon A Time (3:22) (e)
- 16.35 Rachael Ray
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Top Gear (3:6) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos
- 19.20 Everybody Loves Raymond (8:26)
- 19.45 Will & Grace (17:25) (e)
- 20.10 90210 (2:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Naomi reynir að endurheimta fyrri vinsældir með því að sækja um inngöngu í systrafélag ásamt Annie. Liam ákveður að halda barnum sem hann keypti í kærleysiskesti og fær óvæntan gest í heimsókn.
- 20.55 Parenthood (21:22)
- 21.40 CSI (3:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Þegar morðingi með kvalalasta sleppur með væga refsingu ákveður Sara að hafa það að markmiði sínu að koma þessari konu á bak við lás og slá.
- 22.30 Jimmy Kimmel
- 23.15 Law & Order: Special Victims Unit (17:24) (e)
- 00.00 Outsourced (19:22) (e)
- 00.25 Eureka (3:20) (e)
- 01.15 Everybody Loves Raymond (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Humana Challenge 2012 (4:4) 11.15 Golfing World 12.05 Volvo Golf Champions (2:2) 16.00 Ryder Cup Official Film 2002 18.00 Golfing World 18.50 Humana Challenge 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) 23.40 ESPN America

N4

18.00 Að norðan

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfréttir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfréttir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 12.50 Dánarfrennir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjómurarnar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Úr Bemsakunni 15.25 Fólki og fraði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spjallinn 18.50 Veðurfréttir 18.53 Dánarfrennir 19.00 Endurúrur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfréttir 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Tónlistarklúbburinn 23.20 Listræninginn 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 06.05 The Weakest Link 06.50 Fawly Towers 08.55 The Inspector Lynley Mysteries 10.30 Come Dine With Me 11.20 EastEnders 11.50 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 12.40 Top Gear 13.30 Fawly Towers 15.40 QI 16.40 Top Gear 17.35 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 18.20 Come Dine With Me 19.10 QI 20.10 Top Gear 21.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 21.50 Peep Show 22.20 Live at the Apollo 23.05 QI 00.10 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 00.55 Peep Show

DR 1

- 11.10 21 Söndag 11.50 Clement Söndag 12.30 DR1 Dokumentären 13.30 Sporløs 14.00 DR Update - nyheter og vejr 14.10 Livet i Fagervik 15.00 Postmand Per. Specialpostjenssten 15.20 Timmy-tid 15.30 Willas vilde dyr 16.00 Rockford 16.50 DR Update - nyheter og vejr 17.00 Søren Ryge præsenterer 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Livets planet 19.50 Bagom Livets planet 20.00 TV Avisen 20.25 Hønsont 20.50 SportNyt 2012 21.00 Kriminalkommissær Foyle 22.40 Torpedo

NRK 1

- 11.30 Ut i naturen 12.00 NRK nyheter 12.05 Førveld 12.45 Verdensarven 13.00 NRK nyheter 13.05 Ingen grenser 14.00 NRK nyheter 14.10 Jessica Fletcher 15.00 NRK nyheter 15.10 Popstokk 16.00 NRK nyheter 16.10 Solgt! 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Tegnspråknytt 17.00 Førveld 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsreven 18.45 Puls 19.15 Salt & Pepper 19.45 Tradisjonshandverk 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsreven 21 20.30 Brille 21.00 Broen 22.00 Kvelde 22.15 Taggart

svt1

- 09.45 Sportspegeln 10.15 Jakten på istiden 10.40 På spåret 11.40 P3 Guldgalan 2012 13.20 Brita i Grosshandlarhuset 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 När hundar älskar 16.00 Familjehemligheter 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kultúrnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Guldbaggen 2012 21.00 Tema 21.30 Jakten på det demokratiska klassrummet 22.00 Familjehemligheter 22.55 Hurtigruten - minut för minut

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Skuggar Reykjavíkur 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistaranna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |



Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í Þýskalandi í 108 ár. Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar
- ✓ Fer betur með þvottinn
- ✓ Þvottavél, verð frá kr. 184.500
- ✓ Þurrkari, verð frá kr. 158.400



Care Collection þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

DON McLEAN

AMERICAN PIE



HÁSKÓLABÍÓ 17. OKTÓBER

Í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því American Pie, sem er ein merkasta plata poppsögunnar, kom út ætlað goðsögnin, Grammyverðlaunahafinn, söngvarinn og lagahöfundurinn Don McLean og hljómsveit hans að halda sannkallaða stórtónleika í Háskólabíó.

- ★ Don McLean var á Glastonbury sl. sumar og spilaði þar fyrir framan 100.000 tónleikagesti við frábærar undirtektir...
- ★ Árið 2004 var hann tekinn inn í Frægðarhöll söngvaskálda (Songwriters Hall of Fame)
- ★ Lagið American Pie var valið 5. áhrifamesta lag 20.aldar.
- ★ Eftirtalin lög hafa verið spiluð meira en 3 milljón sinnum í útvarpi í Bandaríkjunum: American Pie, And I Love You So, Vincent og Castles In the Air.

**Miðasala hefst á midi.is
miðvikudaginn 25. janúar kl 12.**

BESTI BITINN Í BÆNUM



Besti bitinn í bænum er að mínu mati mótuneytið á lögreglustöðinni. Það býður alltaf upp á fjölbreytt úrval og frábært starfsfólk. Fiskurinn á mánuðögum er í sérstöku uppáhaldi hjá mér.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

26

Pungaviktarkona í fagráði fyrir RFF

Í ár fer tískuhátíðin Reykjavík Fashion Festival fram dagana 30. mars til 1. apríl og verða tískusýningar bæði í Hörpunni og í Gamla bíói en Þórey Eva Einarsdóttir er framkvæmdastjóri RFF.

Umsóknarfrestur fyrir hönnuði rann út í síðustu viku og var aðsóknin framar vonum. „Alls sóttu 35 hönnuðir um og í raun öll stærstu nöfnin í íslenska fatahönnunarbransanum í dag. Það verður mjög erfitt fyrir fagráðið að síja út,“ segir Ellen Loftsdóttir, stílisti og listrænn stjórnandi RFF en mörg þekkt nöfn sitja í fagráðinu í ár.

Þar ber hæst nafn Geraldo Conceicao. Hann er fatahönnuður sem hefur unnið sem listrænn stjórnandi hjá tískuhúsunum Miu Miu og Yves Saint Laurent.

„Að hafa þetta nafn í fagráði gefur hátíðinni óneitanlega mikla vigt og sýnir að í ár verður meiri pressa á hönnuði að standa sig,“ segir Ellen. „Hann hefur komið hingað áður og verið prófdómari hjá Listaháskólanum svo hann kannast við íslenska fatahönnun og var meira en til í að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Ellen og bætir við að hann sé kunningi Lindu Bjargar Árnadóttir, fag-

stjóra fatahönnunardeildar LHÍ sem einnig situr í fagráði. Aðrir sem skipa fagráðið eru Dorrit Moussaieff forsetafrú, Edda Guðmundsdóttir, stílisti og ráðgjafi, Anna Clausen stílisti og Áslaug Magnúsdóttir, eigandi Mode Operandi ásamt Ellen.

„Með því að hafa fólk úr ólíkum áttum í fagráðinu erum við að reyna að gæta hlutleysis. Það er til dæmis mjög gott að fá Dorrit með okkur í lið því hún er ekki bara smekkkona heldur hefur hún reynst íslenskri fatahönnun mjög vel.“

- áþ



REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL Ellen Loftsdóttir listrænn stjórnandi og Þórey Eva Einarsdóttir framkvæmdastjóri RFF eru byrjaðar á fullu í undirbúning hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Sér um hárið á tískuvíkunni í Köben

Kristinn Óli Hrólfsson og Mike Nielsen opnuðu hárgreiðslustofuna Mugshot í miðbæ Kaupmannahafnar sumarið 2010. Þeir hafa getið sér gott orð þar og nýverið bauðst þeim í fyrsta sinn að hafa yfirumsjón með hárhönnun á tískuvíkunni í Kaupmannahöfn.


Tískuvikan stendur yfir dagana 1. til 4. febrúar næstkomandi og munu Kristinn Óli og Mike sjá um hárhönnun á sex tískusýningum á aðeins þremur dögum.

„Á tískuvikum borgar enginn fyrir neitt. Við vorum ráðnir sem svokallaðir „key stylist“ af hárvöruframleiðandanum MoroccanOil sem er nýtt merki á danska markaðinum og þeir hafa svo samband við hönnuði og bjóða vörur sínar og vinnu okkar. Þeir höfðu samband við sex hönnuði og þeir þáðu allir boðið. Undanfarna daga höfum við verið að funda með hönnuðunum og prófa okkur áfram með mismunandi „look“ og greiðslur,“ útskýrir Kristinn Óli.

Mugshot mun sjá um hárið á sýningum Stine Ladefoged, Tabernacle Twins, finnsku merkis R/H og Samuji, sænska tískumerkið Velour og lokasýningu tískuvikunnar sem nefnist FIVE og er samsýning fimm ungra og upprennandi hönnuða. Kristinn Óli og Mike verða þó ekki einir að verki heldur ráða til sín aðstoðarfólk.

Líkt og áður hefur komið fram er þetta í fyrsta sinn sem Mugshot tekur að sér starf lykilstílista en ekki í fyrsta sinn sem þeir koma að tískuvíkunni.

„Við höfum tekið þátt í tískuvíkunni síðustu sex ár en þá unnið undir öðrum. Það er meira stress sem fylgir þessu, mikið af mála- og hugmyndavinnu og við megum búast við óvæntum uppákomum fram á síðustu stundu. Maður lifir á Diet Coke og kaffi



Á UPPLIÐ Kristinn Óli Hrólfsson og Mike Nielsen hafa yfirumsjón með hárhönnun á sex tískusýningum tískuvikunnar í Kaupmannahöfn. Þeir opnuðu hárgreiðslustofuna Mugshot sumarið 2010.

til að koma sér í gegnum daginn, en þetta er líka ótrúlega skemmtilegt.“

Aðspurður segir Kristinn Óli þetta einstakt tækifæri fyrir þá félag enda fær stofan mikla athygli út á þáttöku sína í tískuvíkunni. „Þetta er frábær auglýsing fyrir okkur enda er nafn stofunnar á öllum kynningarbæklingum og auglýsingum fyrir tískuvíkuna. Maður fær líka gríðarlega reynslu og þetta getur leitt til nýrra tækifæra bæði hér í Danmörku og erlendis. Við erum enn ung stofa en við viljum alltaf gera betur og meira.“ - sm



EFNILEG Ragnheiður Erlingsdóttir er tuttugu og tveggja ára gömul og framleiðir sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Hún hyggst halda áfram í kvikmyndabransanum og framleiðslustarfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRAMLEIÐIR SÍNA FYRSTU KVIKMYND Í FULLRI LENGD

Ragnheiður Erlingsdóttir er ein af þremur framleiðendum nýrrar íslenskrar kvikmyndar í leikstjórn Marteins Þórssonar. Ragnheiður er tuttugu og tveggja ára gömul og er þetta hennar fyrsta framleiðsluverkefni.

Ragnheiður segir leið sína í kvikmyndabransann hafa einkennst af útdúrum og tilviljunum. Hún stundaði áður nám við Listdansskóla Íslands og hafði fengið innngöngu í dansskóla í Salzburg þegar hún veiktist skyndilega.

„Ég veiktist og varð blind á öðru auga og ákvað að flytja heim og hefja nám í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands. Þaðan leiddist

ég svo út í önnur störf tengd kvikmyndum. Núna mætti segja að ég stundi nám meðfram vinnu og ekki öfugt,“ segir Ragnheiður sem vann bæði hjá Kvikmyndasafni Íslands og Riff, þar sem hún kynntist meðframleiðanda sínum, Marteini Þórssyni leikstjóra.

Starf framleiðanda snýr að öllum hliðum framleiðsluferlisins og er að sögn Ragnheiðar fjölbreytt og skemmtilegt. „Kvikmyndagerð er samstarf margra ólíkra aðila og framleiðandi sér í raun um að sam- hafa alla þessa ólíku þætti og sjá til þess að verkefnið verði að raunveruleika. Við erum þrjú sem framleiðum myndina, ég, Marteinn og

Guðmundur Óskarsson, þannig að ég fæ aðstoð frá þeim ef þess þarf.“

Þingmaðurinn fjallar um drykkfelldan þingmann sem skipað er í meðferð af forsætisráðherranum sjálfum. Þingmaðurinn ákveður þó að taka einn drykkjutúr að lokum með hræðilegum afleiðingum. Það er Ólafur Darri Ólafsson sem fer með hlutverk hins blauta alþingismanns.

Ragnheiður hefur fullan hug á að halda áfram á sömu braut og halda áfram að framleiða kvikmyndir. „Það er engin spurning að þetta er það sem ég vil leggja fyrir mig. Þetta er bara byrjunin.“

sara@frettabladid.is



SÓLEY
natura
spa

STOTT PILATES námskeið byrjar 31. janúar

skránning hafin!

Nauthólsvégi – s.444 4085 – soleynaturaspas.is

Litlir hlutir keppir í Noregi

„Það er alltaf gaman að komast inn á hátíð og sýna myndina sína,“ segir Davíð Óskar Ólafsson, leikstjóri og framleiðandi, en stuttmynd hans Litlir hlutir komst inn á stuttmyndahátíðina Minimalen í Noregi.

Davíð Óskar er hluti af framleiðslufyrirtækinu Mystery Island en hefur sest í leikstjórstólinn af og til en Litlir hlutir er hans önnur stuttmynd. Hún keppir til verðlauna í Noregi þar sem fyrstu verðlaun eru 1.000 evrur en um 30 myndir frá Norðurlöndunum voru valdar til að taka þátt. „Það er gott að myndin sé með í keppni því þá fær hún góða athygli. Það er ekkert gefið að komast inn á þessar hátíðir því yfirleitt eru sendar inn nokkur þúsund myndir,“ segir Davíð Óskar sem var tilnefndur til Eddu verðlaunanna 2006 fyrir stuttmyndina Góða ferð.

Davíð fékk enga aukvísu til liðs við sig í myndinni en meðal leikara eru Víkingur Kristjánsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ingvar E. Sigurðsson og Björn Thors.

„Þetta er mikill heiður og vonandi opnar leiðir inn á fleiri hátíðir fyrir mig,“ segir Davíð sem þessa dagana er leggja lokahönd á fjármögnun næstu myndar Ragnars Bragasonar, Málmhauss, en hún fer í tókur í mars-apríl.

- áþ



MIKILL HEIÐUR Davíð Óskar Ólafsson er ánægður með að stuttmynd hans, Litlir hlutir, fái athygli utan landsteinana.



Krassandi ævintýraleikrit

Gulleyjan

Byggt á sigildari sögu eftir Robert Louis Stevenson

Frumskýning föstudaginn 27. janúar kl. 20

Fös. 27/1 kl.20 **UPPSELT**
Lau. 28/1 kl. 19 **UPPSELT**
Sun. 29/1 kl. 19 **örfá sæti**

Fim. 2/2 kl.19 **UPPSELT**
Fös. 3/2 kl. 19 **örfá sæti**
Lau. 4/2 kl. 19 **UPPSELT**

Sun. 5/2 kl. 19 **Aukasýn.**
Fim. 9/2 kl. 19 **UPPSELT**
Fös. 10/2 kl. 19

Lau. 11/2 kl. 19
Fös. 17/2 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 18/2 kl. 16 **UPPSELT**


Leikstjórn: **Sigurður Sigurjónsson** | Handrit: **Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson**

Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson | Búningar: Agnieszka Baranowska og Júlíanna L. Steingrímsdóttir | Tónskáld: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson | Hljóðstjórn: Gunnar Sigurbjörnsson | Gervahönnun: Ragna Fossberg | Sviðshreyfingar: Katrín Ingvadóttir

Leikarar: Björn Jörundur Friðbjörnsson, Einar Aðalsteinnsson, Guðmundur Ólafsson, Ívar Helgason, Kjartan Guðjónsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Þórunn Erna Clausen, Örn Haraldsson

Samstarfsverkefni Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins, sýnt á Akureyri janúar-mars 2012



Miðasala | 4 600 200 | www.leikfelag.is

VALITOR



Borgarleikhúsið



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hundurinn fékk vegabréf

Á föstudaginn síðasta fjallaði **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri um vandamál opins innri fjármála-markaðar Evrópu og velti fyrir sér hvort taka mætti upp mismunandi starfsleyfi (eða vegabréf) fyrir banka eftir því hvort þeir ætluðu sér að starfa víða um lönd eða bara í heimalandi sínu. Í inngangi rifjaði hann upp að fyrir ekki svo löngu hefði hann búið með fjölskyldunni í Sviss og þá hefði meira að segja verið útbúið sérlegt Evrópuvegabréf fyrir heimilishundinn.



„Ég gat tekið hundinn með mér vítt og breitt um Evrópu, nema til eins lands. Og getiði hvaða land það er?“ sagði hann við áheyrendur.

Contraband missti toppsætið

Spennumynd **Baltasars Kormáks**, Contraband, var sú þriðja vinsælasta í Norður-Ameríku um síðustu helgi. Myndin þénaði rúmar 12 milljónir dollara í miðasölu eða um 1,5 milljarða króna. Samanlagt hefur Contraband þénað hátt í sex milljarða króna sem er meira en nemur framleiðslukostnaðinum. Það hlýtur að teljast mjög góður árangur enda aðeins tvær vikur síðan myndin var frumsýnd. Athyglisvert er að aðalleikkona hasarmyndarinnar Underworld, sem sló Contraband úr toppsætinu um helgina, er hin enska Kate Beckinsale sem fer einmitt með hlutverk Kate Farraday í Contraband.



- óká, fb

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Faðir horfði á krókódíl éta dóttur sína
- 2 Allt tiltækt lið kallað að Já
- 3 Finnst koma til greina að Ögmundur víki úr ríkisstjórn
- 4 Handtöku skammbyssumann – verður yfirheyrður
- 5 Flensan að gera vart við sig

ÚTSALA

REKJUNNAR

ALLURE
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 98.160 kr.
ÞÚ SPARAR 65.440 Kr.

40% AFSLÁTTUR!

QUANTUM
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 313.300 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 203.645 kr.
ÞÚ SPARAR 109.655 Kr.

35% AFSLÁTTUR!

HÁGÆDA DÚNSÆNGUR
Fullt verð 28.540 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 19.978 kr.
ÞÚ SPARAR 8.562 Kr.

HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR!

DÚN- OG FIDURSÆNGUR
Fullt verð 13.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 9.730 kr.
ÞÚ SPARAR 4.170 Kr.

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
30% AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR!

rekkjan

BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3. Opið kl. 10-18. 30-70% afsláttur.



HÍD ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
Sími 588-9060